



Stangveiðitímabilið hófst formlega í gær en veiðimenn landsins hafa beðið lengi í skammdeginu eftir því að komast aftur út með stöngina. Það var heldur vetrarlegt um að litast við Leirá í Leirársveit. Harpa Hlín Þórðardóttir og eiginmaður hennar létu það þó ekki stoppa sig og náðu þau samtals að veiða 34 sjöbirtinga sem var þó öllum sleppt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segir þörf á yfirsýn áður en gripíð er til frekari aðgerða

Forseti ASÍ segir að afdráttarlaus stuðningur hafi verið í samninganefnd sambandsins við að hafna beiðni SA um tímabundna lækkun á mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóði. Fyrsti varaforseti ASÍ sagði af sér í mótmælaskyni. Formaður og varaformaður VR sögðu sig úr miðstjórn ASÍ af sömu ástæðu.

KJARAMÁL „Það var afdráttarlaus meirihluti í samninganefndinni á því að fara ekki þessa leið. Ég er að fá staðfestingu á að þetta hafi verið rétt ákvörðun frá okkar félögum um allt land,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ, um þá ákvörðun nefndarinnar að hafna þeirri leið að skerða tímabundið mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóði.

Vilhjálmur Birgisson sagði í gær af sér embætti fyrsta varaforseta

ASÍ í mótmælaskyni við ákvörðun samninganefndarinnar. Þá sögðu Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Helga Ingólfssdóttir, varaformaður VR, sig úr miðstjórn ASÍ af sömu ástæðu.

Að undanförunu hafa staðið yfir óformlegar viðræður Samtaka atvinnulífsins (SA) og ASÍ vegna stöðunnar á vinnumarkaði. Önnur launahækkun vegna Lífskjarsamningsins kom til framkvæmda

» Önnur launahækkun Lífskjarsamningsins kom til framkvæmda í gær.

í gær en SA hefur leitað leiða til að draga úr launakostnaði fyrirtækja.

Í því skyni lögðu SA formlega til að mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði yrði lækkað tímabundið úr 11,5 prósentum í átta prósent.

Þessari beiðni hafnaði samninganefnd ASÍ í gær. Drífa segir að nú þegar hafi verið gripíð til drastískra aðgerða sem skerði kjör fólks.

„Það er eins gott að hafa einhverja yfirsýn og eitthvað handfast áður en farið er í aðgerðir umfram það sem er orðið,“ segir Drífa.

Vilhjálmur segir að fjölmörg fyrirtæki berjist nú fyrir lífi sínu. Það sé mikilvægt hlutverk stéttarfélaganna að verja störf. — sar / sjá síðu 4

Samkomubann framlengt

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir greindi frá því í gær að hann hefði lagt það til við heilbrigðisráðherra að aðgerðir til að hefta útbreiðslu COVID-19, til að mynda samkomubannið, yrðu framlengdar út apríl.

Samkomubanninu átti upprunalega að ljúka 13. apríl en Þórólfur segir nauðsynlegt að framlengja bannið í ljósi álags á heilbrigðiskerfið. Alls eru 40 manns innliggjandi á Landspítala og einn á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má búast við formlegri tilkynningu um framlengingu samkomubannsins á morgun.

Gripíð hefur verið til harðari aðgerða á Ísafirði, í Hnífsdal og Bolungarvík. Þar gildir nú samkomubann sem miðar við fimm manns. — bjd



Lambasteik

MEÐ BÉARNAISE-SÓSU OG KARTÖFLUGRATÍNÍ

Heit máltíð,
tilbúin á 12 mín.


Hægeldun tryggir að vítamín
og næringarefni halda sér.

Íslensk framleiðsla, íslenskt
kjöt, án allra rotvarnarefna.

1944

MATUR FYRIR
SJÁLFASTÆÐA
ÍSLENDINGA

Veður



Dregur úr vindi og léttir víða til, 5-15 m/s síðdegis, hvassast SA til, en áfram dálítill el á N- og A-landi. Frost 1 til 7 stig, en herðir á frosti um kvöldið. **SJÁ SÍÐU 18**



Mikil eftirspurn er eftir PlayStation.

SodaStream og PlayStation 4 á metsölulista

VIÐSKIPTI PlayStation-4 leikjatölvur eru uppseldar í ELKO eftir að hafa dalað í sölu mánuðina á undan, er þetta líklega í fyrsta skipti sem tölvan hefur selst upp.

„Neyslumunstrið hefur heldur betur breyst. Viðskiptavinir eru búnir að færa sig yfir í flokka sem tengjast samkomubanninu,“ segir Óttar Órn Sigurbergsson, innkaupastjóri ELKO. Mikið hefur selst af búnaði ætluðum fjarfundum.

Þá hafa spjaltdölvur selst í miklum mæli. Er þær helst ætlaðar fólki sem er einangraðra í dag en áður og vill nota þær til að heyrja í fjölskyldu og vinum.

„Afþreying hefur svo tekið mikið stökk. Það sést best í PlayStation 4 tölvunni sem hefur verið að dala í sölu eftir að ný PlayStation 5 var kynnt til leiks í lok þess árs. PlayStation 4 leikjatölvurnar eru nú að seljast umtalsvert betur og það var algerlega óviðbúið,“ segir Óttar.

„Það sem hefur komið mest á óvart er sala á SodaStream-hylkjum. Þau er nú söluhæsta varan hjá okkur í mars og augljóst að landinn ætlar að eiga sína kolsýru fyrir gosvélarnar næstu vikurnar,“ segir Óttar. Sending af hylkjum og PlayStation-tölvum kemur eftir páska. Enn sem komið er er vöruflæði erlendis og innanlands í góðum farvegi og sér ekki fyrir að það breytist.

„Svo eru eldhústæki tengd fjölskyldunni vinsæl, má þar nefna hrærivél, vöflujárn og önnur svipuð tæki sem fjölskyldan getur dundað sér saman með í eldhúsinu við að baka eða búa til kræsingar í kaffið.“ – ab

Rólegt í miðbænum



„Þetta hefur verið með rölegustu dögum,“ segir Skúli Þórðarson tónlistarmaður sem gjarnan stendur vaktina í pylsuvagninum við Tryggvagötu. Skúli er ekki einn um að verða var við breytingu á borgarlífinu sem að mörgu leyti er í dvala vegna samkomubanns. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Klósettrúllan fylgdi ekki með

SAMFÉLAG Eins og glöggir lesendur Fréttablaðsins virðast hafa áttað sig á var umfjöllun á blaðsíðu 18 í blaði gærdagsins tengd 1. apríl. Þar sagði af því að klósettrúlla fylgdi með hverri afgreiðslu hjá Aktu taktu. Eftir því sem næst verður komist voru sárafair sem ekki sáu í gegnum þetta á þessum fyrsta degi aprílmánaðar.

Aprílþagb fjölmiðla er áratuga gamall síður hér á landi en fullyrða má að oft hefur flóra aprílþagbssins verið fjölbreyttari en þetta árið. Fréttablaðið hélt síðinn í heiðri þó að dæmi séu um að meira hafi verið lagt í aprílþagb fyrri ára.

Á Vísindavefnum segir af þessum síð. Segir þar að fyrsti apríl sé haldinn „hátiðlegur“ víða um heim með tilheyrandi glettum og hrekkjum.

Upprunann megi að öllum líkindum rekja til miðalda en þá hafi tíðkast í Evrópu að halda upp á nýtt ár á vorjafndægrí 25. mars og síðurn sé sprottinn af ærslum manna þann dag. – jþ

Gáfu grímuklæddu starfsfólki húðdropa

ORF Liftækni hefur gefið öllu heilbrigðisstarfsfólki sem þarf að nota hlífðarbúnað vegna COVID-19 faraldursins húðdropa. Hjúkrunarfræðingur sem hefur fengið för í andlitið eftir andlitsgrímu tekur gjöfinni fegins hendi.

COVID-19 ORF Liftækni hefur gefið 1.400 heilbrigðisstarfsmönnum Bioeffect EGF húðdropa sem ætlað er að milda áhrif hlífðarbúnaðar sem notaður er til að verjast COVID-19 smiti. Allir starfsmenn á 54 starfsstöðvum fá dropana, sem ætlað er að hjálpa húðinni að jafna sig eftir álagið.

„Fólk sem þarf að vera með þessar grímur í einhvern tíma hefur fundið fyrir ertingu, útbrotum og bólum. Það koma áberandi för eftir grímurnar eftir aðeins tuttugu mínútur,“ segir Hrönn Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Neyðarmóttöku Landspítalans. „Þetta er mjög rausnarleg gjöf sem mun nýtast vel næstu vikur.“

Heilbrigðisstarfsfólk víða um heim, þá helst á Ítalíu, hefur birt myndir af sér illa leiknu í framan eftir að hafa verið í hlífðarbúnaði langtíma saman.

„Ég veit ekki um dæmi þess að fólk sé komið með sár líkt og við höfum séð á erlendum myndum,“ segir Hrönn, en slíkt sé aðeins tímaspursmál þar sem aukning er á notkun hlífðarbúnaðar dag frá degi.

„Ég hef verið með þetta á mér í hálf tíma. Þegar ég tók maskann af mér var ég með för í andlitinu. Ég er á leið á vakt um helgina og kannski þarf ég að vera í búnaði meira og minna alla vaktina. Ef það eru sjúklingar sem þurfa aðhlyningu og eru COVID smitaðir þá fer maður ekkert úr búnaðinum, það segir sig sjálf,“ segir Hrönn.

„Við erum bæði með maska og plastgleraugu sem eru mjög þétt upp við húðina. Þessi veira er mjög smitandi og það má ekkert út af bera.“

Einn pakki af þessum húðdrop-



Húðdroparnir voru sendir á 54 staði, þar á meðal í Mjódd.

Ég hef verið með grímu á mér í hálf tíma. Þegar ég tók maskann af mér var ég öll í förum.

Hrönn Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á Neyðarmóttöku



um kostar á bilinu 12 til 15 þúsund krónur. Björn Örvar, einn stofnenda ORF Liftækni, segir gjöfina vera þakklætisvott til heilbrigðisstarfsfólksins.

Starfsfólk á deildum þar sem allir sjúklingar eru smitaðir af COVID-19 þarf að vera í hlífðarbúnaði alla vaktina. Dæmi eru um að starfs-

fólk hafi verið í slíkum fatnaði í sex klukkutíma samfleytt og á tvöföldum vöktum. „Það er reynt að skiptast á til að hægt sé að fara úr búnaðinum á tveggja tíma fresti, en það gengur ekki alltaf,“ segir Hrönn.

Starfsfólk Landspítalans hefur fengið margar gjafir af undanfögnu. „Við höfum fengið sushi frá Osushi, IcePharma gaf okkur ís og frystikistu til að geyma ísinn í. Við höfum fengið göðgæti frá Jóa Fel og Bakaramestaranum. Það er æðislegt að finna þennan velvilja, það skiptir svo miklu máli.“

Hrönn segir andann á þessari stundu einkennast af samstöðu. „Það er mikil jákvæðni og við erum rosalega varkár. Stöndum alltaf í tveggja metra fjarlægð og hittumst ekkert utan vinnu til að passa að smita ekki hvert annað.“

arib@frettabladid.is

BLÖÐIN

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flípanum Blöðin.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

VÖNDUÐ VERKFÆRI FÁST Í SINDRA

TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR 320 VERKFÆRI

7 skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplykasett
Fastir lyklar, sexkantar, skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn,
öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.

vnr IBTGT-32010

208.699 m/vsk
Fullt verð 245.529



TOPTUL®

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 1/4" & 1/2" 96 STK

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður,
skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og
fleira.

vnr IBTGCAI9601

23.081 m/vsk
Fullt verð 30.775



TOPTUL®

TILBOÐ

TOPPASETT 1/4" 3/8" 1/2" 200 STK

Alhliða topplykasett
1/4" sexk. toppar 4-14mm
3/8" sexk. toppar 10-19mm
1/2" sexk. toppar 10-32mm

vnr KW1037

17.484 m/vsk
Fullt verð 26.899



KRAFTWERK

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 150 HLUTA 1/4" & 1/2"

Toppar: 4 - 32mm
Toppar djúpir: 6 - 22mm
E-Toppar: E4 - E20
Framlengingar: 2", 4", 5" og 10"
Kertatoppar 16 og 21mm
Fastir lyklar: 6 - 24mm

vnr IBTGCAI150R

33.450 m/vsk
Fullt verð 47.785



TOPTUL®

TILBOÐ

RAFMAGNSKEFLI

14 metrar
Með veggfestingu
230 V
3 X 1,5mm

vnr TRI03315D

9.175 m/vsk
Fullt verð 12.234



BIG RED

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 216 HLUTA 1/4", 3/8" OG 1/2"

Toppar: 4 - 32mm
Toppar djúpir: 4 - 22mm
E-toppar: E4 - E24
Framlengingar 2", 4", 5", 6" og 10"
Fastir lyklar: 8 - 22mm

vnr IBTGCAI216R

32.133 m/vsk
Fullt verð 42.845



TOPTUL®

TILBOÐ

SNITTAPPA OG BAKKASETT

vnr IBTJGAI4001

7.242 m/vsk
Fullt verð 10.346



TOPTUL®

TILBOÐ

SKRÚFSTYKKI 6"

vnr IBTDJACO106

19.900 m/vsk
Fullt verð 32.519



TOPTUL®

TILBOÐ

VÉLAGÁLGI 2T

Samanbrjótanlegur 2 tonna
vélagálgi.
2.000 Kg
Low Profile - Quick lift
Hægt að snúa 360°

vnr T32002CE

39.900 m/vsk
Fullt verð 61.816



BIG RED

TILBOÐ



VATNSPÍPUTÖNG 150MM
vnr 8701150SB

3.976 m/vsk
Fullt verð 4.970

VATNSPÍPUTÖNG 180MM
vnr 8701180SB

4.145 m/vsk
Fullt verð 5.181

VATNSPÍPUTÖNG 250MM
vnr 8701250SB

4.448 m/vsk
Fullt verð 5.560

KNIPEX

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður | Bolafæti 1 - Reykjanesbæ

SINDRI

Gæsluvarðhald oft lengra en dómur

DÓMSMÁL Þrettán refsíðómar hafa fallið frá upphafi árs 2018 þar sem gæsluvarðhald sem dómþoli sætti nam lengri tíma en hann hefði þurft að sitja í fangelsi, annaðhvort að fullu eða að teknu tilliti til hefðbundinna reynslulausnarreglna. Þetta kemur fram í svari Fangelsismálastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Dæmi um þetta geta verið maður sem setið hefur 36 daga í gæsluvarð-



Gæsluvarðhaldsfangar eru flestir vistaðir í fangelsinu á Hólmsheiði.

haldi og er svo dæmdur í fangelsi í 30 daga. Hann hefur þá setið sex dögum lengur í fangelsi en dómur kveður á um. Maður sem dæmdur er í tíu mánaða fangelsi ætti rétt á reynslulausn eftir helming sem eru 150 dagar. Hafi hann setið 180 daga í gæsluvarðhaldi, hefur hann þegar setið heilum mánuði lengur í fangelsi en dómur og reynslulausnarreglur kveða á um. Hafi maður sem sakfelldur er með dómi sætt gæslu-

» Sprenging hefur orðið í meðalfjölda gæsluvarðhaldsúrskurða á undanförunum árum.

varðhaldi meðan mál hans var til meðferðar er í dómsorði kveðið á um að gæsluvarðhaldstími sé dreginn frá refsingu hans.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í janúar hefur orðið sprenging í fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða á undanförunum árum og hefur meðalfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í fangelsum þrefaldast á fimm árum. Þeir voru að meðaltali tæplega tólf árið 2014 en þrjátíu árið 2019.

Af 440 innkomum í fangelsin á síðasta ári voru 177 gæsluvarðhaldsfangar.

- að



Áfram hámarkstaxti hjá Hreyfli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framlengja undanþágu

STJÓRNSÝSLA Samkeppniseftirlitið hefur framlengt undanþágu Hreyfils til að leigubílastöðin geti haldið áfram að gefa út hámarks-taxta fyrir akstur.

Samkeppniseftirlitið ítrekar þó að samkeppnin í leigubílaakstri sé ekki eðlileg vegna laga- og reglugerðaverks hérlandis. „Er rétt að undirstrika að þrátt fyrir vöxt íslensku þjóðarinnar að undanförunu og mjög öra fjölgun erlendrar ferðamanna til landsins hefur útgefnum virkum leyfum til leigubílaaksturs fækkað,“ segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Alþingi hafi frumvarp um breytingar á reglum til meðferðar. Enn sé þó grundvöllur til að veita Hreyfli tímabundna undanþágu til að gefa út hámarksótkutaxta fyrir sína bílstjóra enda laga- og reglumhverfið óbreytt frá því undanþágur voru fyrst veittar. – gar

Leggja af álag á virðisaukaskatt

VÍÐSKIPTI Ríkisskattstjóri hefur fellt niður álag á vangreiddum virðisaukaskatti.

Samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti fyrr í vikunni er komin lagaheimild til að fella niður eins prósentis álag á hvern dag sem skatturinn er vangreiddur. Næsta mánudag er gjalddagi virðisaukaskatts fyrir janúar og febrúar þessa árs. – að

Afsögnin hafi verið þungbær

Vilhjálmur Birgisson sagði í gær af sér embætti fyrsta varaforseta ASÍ eftir að samninganefnd hafnaði beiðni SA um tímabundna lækkingu mótframlags í lífeyrissjóði. SA og SAF gagnrýna afstöðu ASÍ harðlega.

KJARAMÁL „Eins og ég sagði í bréfi mínu til forseta ASÍ og miðstjórnar þá var þessi ákvörðun tekin með trega. Ákvörðunin var þungbær því ég tel mig hafa unnið af eins miklum heiðarleika og krafti og ég raunverulega get til að verja hagsmuni launafólks og heimila,“ segir Vilhjálmur Birgisson sem sagði í gær af sér embætti fyrsta varaforseta ASÍ.

Vilhjálmur var ekki sáttur við þá ákvörðun samninganefndar ASÍ að hafna þeirri leið að mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði verði lækkað tímabundið. Hann segir að fjölmörg fyrirtæki berjist nú fyrir lífi sínu við að halda starfsfólki í vinnu. Eitt af meginhlutverkum stéttarfélaganna sé að semja um kjör en það sé líka mikilvægt hlutverk að verja störf.

„Ákall atvinnulífsins til að afsala okkur launahækkun samkvæmt lífskjarasamningnum hefur að ég tel ómað til allra formanna stéttarfélaganna. Ég áttaði mig á að það væri til önnur og mildari leið fyrir launafólk,“ segir Vilhjálmur.

Þá segir Vilhjálmur það vekja furðu að forseti ASÍ hafi á fundi samninganefndar á föstudaginn lagt til að launahækkunum yrði frestað en hafi ekki verið tilbúinn að fara hina leiðina.

„Við vorum að velja fyrir okkur öllum mögulegum og ómögulegum leiðum í trúnaðarsamtali í samninganefnd ASÍ. Þar sagði ég að eina leiðin sem ég sæi í þessu væri að taka þetta í miklu stærra samhengi,“ segir Drífa.

Ef grípa ætti til einhverra slíkra úrræða yrði að fá stjórnvöld að borðinu þar sem beita þyrfti jöfnunarkerfum samhliða. Þá þyrfti í raun að frysta allt samfélagið í tvo mánuði.

„Þetta er miklu stærra umræða. Að sjóða það niður í að ég hafi lagt til að við frestuðum launahækkun-



Þeir Vilhjálmur Birgisson og Ragnar Þór Ingólfsson hverfa nú báðir úr forystusveit ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta er miklu stærra umræða. Að sjóða það niður í að ég hafi lagt til að við frestuðum launahækkunum er ekki sanngjarnt.

Drífa Snædal, forseti ASÍ

um er ekki sanngjarnt,“ segir Drífa.

Hún segir að ASÍ muni áfram eiga samtalið við stjórnvöld enda sé ljóst að grípa þurfi til frekari aðgerða. „Það er auðvitað búið að grípa til mjög drastískra aðgerða sem eru að skerða kjör fólks í þeirri von-

að verja störf. Það er eins gott að hafa einhverja yfirsýn og eitthvað handfast áður en farið er í aðgerðir umfram það sem er orðið.“

Vilhjálmur segir að aldrei áður hafi svona staða sést á íslenskum vinnnumarkaði. „Atvinnuleysið er komið upp fyrir það sem við sáum verst í hrúninu og á eftir að versna umtalsvert. Þetta verður að mínum dómi, því miður, lengra heldur en fólk kannski gerir sér almennt grein fyrir.“

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir miklum vonbrigðum með þá afstöðu samninganefndar ASÍ að vera hvorki tilbúin að fallast á frestuðum launahækkunum né tímabundna

lækkingu framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði.

Samtök ferðaþjónustunnar forðama afstöðu samninganefndar ASÍ. Þetta verði ekki skilið öðruvísi en að verkalýðshreyfingin skorist undan ábyrgð og hyggist ekki leggja á árararnar með stjórnvöldum og atvinnulífinu.

Í yfirlýsingu stjórnar AFLs Starfsgreinafélags segir hins vegar að miskilnings virðist gæta um umbod forystumanna ASÍ er varði kaup og kjör félagsmanna. Ekki sé hægt að breyta kjarasamningi nema með aðkomu hlutadeigandi stéttarfélaganna og atkvæðagreiðslu félagsmanna. sighvatur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 534 4433



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 534 4433 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00

Appotek.is

*Fyrsta netverslunin með lyf
hefur hlotið staðfestingu Lyfjastofnunar**




Netverslunin er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netverslunina með tölvum og farsímum

Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Í Appótekinu getur þú enn fremur séð:

- Greiðslutímabil þitt og greiðslustöðu þína á tímabilinu
- Símanúmer lyfjaendurnýjnar á öllum heilsugæslustöðvum á landinu ofl.

Appótekið (appotek.is) er netverslun Garðs Apóteks

* Sjá frétt á heimasíðu Lyfjastofnunar (lyfjastofnun.is) frá 7/6'19



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netverslun: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Gríðarlegt álag á Íslandspósti

COVID-19 Innlend netverslun hefur aukist mjög mikið undanfarið vegna COVID-19 faraldursins. Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, segir aukninguna 30 prósent í marsmánuði og mikið álag á fyrirtækinu. „Þetta er eins og fyrir jólin,“ segir Birgir en til að mæta aukningunni hefur verið bætt við starfsfólki og það fært til, bætt við bílum og pakkar keyrðir út um helgar. Engu að síður hafa verið tafir á afhendingu vegna álags.

A móti kemur að erlend netverslun hefur dregist saman, svo sem frá Aliexpress í Kína sem lokaðist fyrst vegna faraldursins.

Íslandspóstur er eitt af þeim 20 fyrirtækjum sem hafa fengið undanþágu frá samkomubanni. Birgir segir það hafa verið nauðsynlegt til að halda Póstmiðstöðinni gangandi. Engu að síður hafa miklar ráðstafanir verið gerðar til að minnka hættuna á smíti, svo sem að hólfa miðstöðina niður í 11 vinnustöðvar með 20 starfsmönnum þar sem enginn samgangur er á milli. Fjár starfsmenn hafa verið settir í sóttkví og undir fimm í einangrun.

„Samkvæmt bestu upplýsingum sem við höfum berst veiran ekki með bréfum og pökkum svo að við sötthreinsum þau ekki,“ segir Birgir. „En hér eru til staðar hanskar, grimur og spritt fyrir starfsfólk.“ Ýmsum snertilausum úrræðum er beitt, svo sem greiðslu, og pakkar eru skildir eftir fyrir utan hjá þeim sem eru í sóttkví eða einangrun. Enn þá hefur ekki myndast eftirspurn eftir því að póstur frá fólki í sóttkví eða einangrun sé sóttur. – khg

Heimilislausir í tjöldum á Filippseyjum



Heimilislausir hafast við í tjöldum í íþróttahúsi í Manila, höfuðborg Filippseyja, nú þegar COVID-19 faraldurinn gengur yfir landið. Fjölmennustu eyju landsins, Luzon, hefur verið lokað til að reyna að stöðva útbreiðslu. Þá hefur 55 milljónum manna verið gert að halda sig heima. Skólum, fyrirtækjum og almenningsamgöngum hefur verið lokað. Yfir 2.300 tilfelli hafa greinst á Filippseyjum og í það minnsta 96 hafa látið lífið. MYND/GETTY

Miserfitt fyrir fólk að rifja upp ferðir sínar

Nýtt smittrakingarforrit sóttvarnalæknis verður brátt tekið í gagnid. Nýtist það fyrst og fremst í fyrsta samtalinu við smittrakingarteymið. Teymið fæst við ýmsar áskoranir á hverjum degi og er álag á starfsfólk teymisins mikið.

COVID-19 Nýtt smittrakingarsmáforrit, eða app, verður tekið til notkunar á allra næstu dögum. Öryggisprófunum lauk á mánudag og nú er aðeins beðið eftir samþykktum frá Google og Apple til þess að koma því í dreifingu. Appið er í eigu Landlækniseimbættisins en mun nýfast smittrakingarteymi almanna-varna.

Samkvæmt Ásgeiri Þór Ásgeirsyni yfirlöggregluþjóni virkar appið þannig að fólk hleður því niður og ef það fær símhringingu frá smittrakingarteyminu getur það látið teymið fá aðgang að upplýsingunum sem appið hefur safnað.

Appið hafi verið unnið í samráði við Persónuvernd og fólk sé ekki skyldað til að sækja það. Þá sé hægt að slökkva á því hvenær sem er og fjarlægja það úr símanum. „Þú átt upplýsingarnar,“ segir Ásgeir. Þegar faraldurinn lýkur þjóni það engum tilgangi lengur en hugbúnaðurinn yrði þá til staðar, og hægt að sækja, ef aðrir faraldrar blossa upp seinna meir.

Ásgeir segir að appið nýtist teyminu aðallega til þess að eiga fyrsta samtalið við fólk, sem eru mikilvægustu upplýsingarnar. „Það er ferlegt fyrir fólk að fá þessar fréttir og fólk er misjafnlega hæft til að rifja upp hvar það var síðustu þriðja eða fjóra dagana. Þá er hægt að fara yfir GPS-punktana,“ segir hann.

Í smittrakingarteyminu eru hátt í 50 manns og eftir um mánuð í starfi hefur skapast mikil reynsla. Hvert tilvik geti þó verið margslungið, sérstaklega hvort eða hvenær einkenni veirunnar hefjast.



Hátt í 50 manns starfa í smittrakingarteyminu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þú átt upplýsingarnar.

Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlöggregluþjónn

„Sumir telja sig aldrei vera veika þó þeir séu hundveikir, á meðan aðrir mega ekki hosta upp í vindinn og þá eru þeir veikir,“ segir Ásgeir. Jafnframt að fólk sé almennt samvinnuþýtt og til algerra undantekninga heyri að fólk vilji ekki hjálpa til við rakningu. „Fólk vill ekki fara út og smita einhvern annan.“

Borið hefur á því að fólk sé sett í sóttkví og henni aflétt snemma, stundum eftir aðeins nokkra klukkutíma, þá eftir að teymið

hefur unnið úr málinu. Í teyminu starfa lögreglumenn, hjúkrunarfræðingar og greinendur sem vanir eru að vinna með gagnagrunna. Flestir eru frá lögreglu og Landspítala, en einnig fólk frá Íslenskri erfðagreiningu og öðrum fyrirtækjum. Þann 19. mars, þegar ákveðið var að allir sem kæmu að utan færu í sóttkví, reyndust nemendur af heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands ómetanlegur stuðningur við úthringingar því margir ferðalangar höfðu ekki fengið upplýsingarnar.

Fréttablaðið beindi einnig spurningum til Embættis landlæknis varðandi smittrakingarappið með tilliti til persónuverndar og hugsanlegra álitamála. Hægt er að sjá þau svör á frettabladid.is.

kristinnhaukur@frettabladid.is

KRONAN

Deit í kvöld?
Heima í stofu!

Allt fyrir ostaveisluna eða kósý kvöldið hjá okkur!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



SENSAI

THE SENSE AND SCIENCE OF JAPAN 



NÝ FÖRÐUNARLÍNA FRÁ SENSAL

Einstakir nýir augnskuggar, augabrúnablýantar, augnblýantar og fljótandi augnlínupennar.

sensai-cosmetics.com  

SENSAI dagar í Hagkaup 2.-8. apríl.
20% afsláttur af öllum vörum frá SENSAL.
Glæsilegur kaupauki þegar þú verslar SENSAL
fyrir 8.900kr eða meira*

*Meðan birgðir endast



HAGKAUP
Snyrtivara



Tarkett
Vinylparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is
- allt á gólfð -



Honest
organic coffee

Þín stund

Café **PEMMA** Eymundsson

AUSTURSTRÆTI · SKÓLAVÖRÐUSTÍG · LAUGAVEGI · AKUREYRI · VESTMANNAEYJUM

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is




Miklar sveiflur hafa einkennt hlutabréfamarkaði heimsins síðustu vikur vegna kórónafaraldursins. MYND/GETTY

Versti ársfjórðungur í kauphöllinni í ellefu ár

Lækkun úrvalsvisitölnnar á fyrstu þremur mánuðum ársins er sú mesta á einum ársfjórðungi í ellefu ár. Greinandi segir yfirlýsingar um að botninum sé náð með öllu ótímabærar. Óvissa mun áfram skekja markaði heimsins.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Lækkun úrvalsvisitölu Kauphallarinnar var nærri átján prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins og hefur hún ekki lækkað jafn mikið á einum ársfjórðungi í ellefu ár. Mikil óvissa um áhrif kórónaveirunnar á heimshagkerfið skekur áfram hlutabréfamarkaði heimsins.

Arnar Ingi Jónsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir allar yfirlýsingar um að botninum sé náð eða ekki náð „fullkomlega ótímabærar“ á þessari stundu. Óvissan sé enn það mikil.

Úrvalsvisitölan stóð í 1.748 stigum þegar markaðir lokuðu þann 31. mars síðastliðinn og hafði þá fallið um 17,6 prósent frá því í byrjun ársins. Er það mesta fjórðungslækkun visitölnnar frá því á fyrsta fjórðungi ársins 2009 – í miðri fjármálakreppu – þegar hún féll um allt að 36 prósent.


Lækkun íslenska hlutabréfamarkaðarins á fyrstu þremur mánuðum ársins var heldur minni en á stærstu mörkuðum heims en sem dæmi fór bandaríska hlutabréfavitölan S&P 500 niður um tuttugu prósent á tímabilinu, hin breska FTSE 100 um 25 prósent og evrópska visitölan Stoxx 600 um tæplega 23 prósent.

Verðfallið á bandarískum hlutabréfamarkaði var það mesta frá því í fjármálakreppunni á haustmánuðum ársins 2008 á meðan breskur hlutabréfamarkaður hefur ekki lækkað eins mikið á einum fjórðungi frá árinu 1987.

„Lækkunarhrinan hefur verið óvenjuleg, ekki vegna lækkunarinnar sem slíkrar heldur fremur vegna hraða hennar og sveiflnanna,“ segir Peter Oppenheimer, sérfræðingur hjá Goldman Sachs, í samtali við Financial Times.

Því til stuðnings bendir hann á að bandaríska hlutabréfamarkaðurinn hafi í lok febrúar og byrjun mars – í kjölfar þess að kórónaveiran fór að breiðast hratt út utan Kína – lækkað um alls tuttugu prósent á aðeins sextán dögum. Það sé hraðasta lækkun í sögu markaðarins.

☞ Lækkunir hlutabréfavitölna á fyrsta fjórðungi ársins



☉ Það eru miklir óvissutímar fram undan og ómögulegt að segja til um hvenær þeim lýkur.

Arnar Ingi Jónsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans



Frá því að íslenski hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu í seinni hluta febrúarmánaðar hefur úrvalsvisitölan lækkað um 19,5 prósent. Á þeim tíma hefur gengi hlutabréfa í Icelandair Group, sem hefur orðið harkalega fyrir barðinu á ferðatakmörkunum sem stjórnvöld víða um heim hafa sett til þess að hefta útbreiðslu veirunnar, hrúnið um rúm 56 prósent á meðan hlutabréf í Arion banka hafa lækkað um 37 prósent í verði og hlutabréfaverð í Reitum fallið um 31 prósent. Gengi hlutabréfa í öðrum félögum hefur lækkað minna.

Á meðan úrvalsvisitölan hefur lækkað um nærri átján prósent frá áramótum hefur skuldabréfavitölan GAMMA hækkað um 5,4 prósent.

„Það eru miklir óvissutímar fram undan,“ nefnir Arnar Ingi, „og ómögulegt að segja til um hvenær þeim lýkur. Hlutabréfamarkaðir eiga í eðli sínu að vera framsýnir en til þess að þeir geti það verða þeir

að hafa upplýsingar. Og þær eru því miður ekki fyrir hendi.“

Þrátt fyrir miklar hækkanir á hlutabréfamörkuðum heimsins, sér í lagi í Bandaríkjunum, í síðustu viku segjast fjárfestar og greinendur sem Wall Street Journal ræddi við tregir til þess að lýsa því yfir að botninum hafi verið náð.

„Það er enn mjög mikil óvissa fyrir hendi. Verður efnahagsbatinn „v-laga“ eða mun niðursveiflan vara lengur en við höfum haldið?“ spyr Shawn Snyder, sérfræðingur hjá Citibanknum. Til marks um óvissuna bendir Arnar Ingi meðal annars á að ekki sé enn komin endanleg mynd á hve stórir björgunarpakkar stjórnvalda, bæði hér heima, í Bandaríkjunum og Evrópu, muni verða.

„Þær aðgerðir sem þegar hafa verið kynntar lofa góðu en síðan á eftir að koma í ljós hvort þær muni reynast nægilegar. Adalmálið er að stjórnvöld og Seðlabankinn hafa lýst yfir vilja til þess að styðja við og létta undir með fyrirtækjum landsins á þessum óvissutímum. Það eru mikilvæg skilaboð.“

Aðspurður segir Arnar Ingi að búast megi við áframhaldandi sveiflum á milli daga á hlutabréfamarkaðinum og það í báðar áttir.

„Markaðurinn mun að sjálfstöðu sveiflast áfram með nýjustu fregnunum eins og hann hefur gert síðustu vikur. Allar verulegar breytingar og nýjar fregnir, hvort sem þær verða stjórnvöld, veirufaraldurinn eða félögin sjálf, munu líkast til hafa mikil áhrif á markaðinn,“ segir Arnar Ingi.



20%

af öllum stillanlegum heilsurúmum

Upphaf nýrra drauma!

Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

**Tilboðsverð frá
307.608 kr.**

Hjónarúm 2x90x200 cm
Fullt verð frá 384.510 kr





Hólmsárlón er umkringt fjöllum og því vel falið. Til hægri sést Rauðibotn og suður af lóninu fjölmargir fossar í Hólmsá. MYNDIR/ÓMB

Lán í lóni

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Hólmsárlón er með fallettri stöðuvötnum á Íslandi og er það skammt suðaustan Torfajökuls. Það er einkum blágrænn liturinn sem fangar athyglina á þessu ílanga jökullóni, sem einnig er heillandi andstæða við rauðleitt gjallið og mosavaxin fjöllin í kring.

Hólmsárlón hefur þá sérstöðu að vera ósnortin smíð náttúrunnar, ólíkt manngerðum lönunum eins og t.d. Blöndulóni og Háslóni við Kárahnjúka sem hafa orðið til við uppbyggingu vatnsaflsvirkjana. Í samamburði við þau er Hólmsárlón lítið, eða 4,1 ferkílómetri. Það felur sig skemmtilega á milli fjalla og því verður að ganga að vatninu til að sjá fegurðina. Lónið er því hulinn gimsteinn sem fæstir vita af og enn færri hafa heimsótt. Orkufyrirtæki litu hýru auga til Hólmsárlóns í byrjun þessarar aldar og vildu reisa stíflu við suðurenda þess. Þannig átti að stækka vatnið og nýta sem uppistöðulón fyrir vatnsaflsvirkjun.

Ekkert varð af þeim áformum, enda hefði virkjun á einstakri náttúruperlu sem þessari verið stórslys líkt og hugmyndin að veita jökulvatni úr Skaftá í Langasjó og nýta það fagurbláa og heimsþekktu vatn sem uppistöðulón. Enn renna menn þó hýru auga til virkjunar í neðanverðri Hólmsá en þar eru tveir sérlega fallegir fossar, Hólmsárfoss og Axlarfoss, í afar sérstóku umhverfi sem myndi raskast við slíka framkvæmd.

Það er hægt að ganga að Hólmsárlóni úr nokkrum áttum. Ein leið liggur vestan úr Strútsskála og er þá gengið fram hjá fjallinu Strút og áfram inn að Strútslaug við norðurenda Hólmsárlóns þar sem sést vel yfir lónið. Þetta er ágætis dagsganga með lítilli hækkun og tilvalið að skola af sér ferðarykið í heitri lauginni. Fyrir þá sem vilja lengri göngu má leggja upp frá Landmannalaugum og ganga þaðan í Jökulgil og upp í gegnum magnaða Muggudali að Strútslaug. Þar má slá upp tjaldi við snotran foss og ganga síðan með fram Hólmsárlóni daginn eftir, eða í kringum það en þá verður að vaða Hólmsá sem getur verið vatnsmikil. Flestir ganga þó að Hólmsárlóni af Fjallabaksleið syðri, austan megin Hólmsár. Haldið er upp með ánni sem er fjölmörgum fossum prýdd.

Skammt frá útrennsli Hólmsár úr Hólmsárlóni er helsta náttúruperla svæðisins, Rauðibotn, sem er á stærð við íþróttaleikvang og hluti af Eldgjá. Hefði Hólmsárlón verið stíflað fyrir kílóvattstundir væri umhverfi Rauðibotns með fossaröðunum eyðilagt. Í staðinn verður þetta svæði uppspretta óteljandi unaðsstunda komandi kynslóða. Stundum getur ólán orðið að láni – það sannast í Hólmsárlóni.



Fókus á hjarta landsins



Horft suður að Hólmsárlóni rétt ofan við Strútslaug. Til hægri sést í fjallið Strút.



Fossinn við útfall Hólmsárlóns er af dýrari gerðinni og liturinn á vatninu blágrænn.



Hringdu og pantaðu í síma

515-0800

sæktu eða fáðu sent



Ef þú kemst ekki til okkar er auðvelt mál að panta:
Hringir í **BAUHAUS** í síma **515-0800**, símaverið er opið á milli **08.00–18.00** virka daga.
Þú sækir pöntunina þína þegar þér hentar – eða færð hana senda.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á simaver@bauhaus.is fyrir pantanir.
Auðveldara verður það ekki! Kannaðu málið strax í dag!

VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER!


Ráðstafanir vegna COVID-19

Í ljósi aðstæðna varðandi hámarksfjölda viðskiptavina höfum við þurft að loka af verslun okkar til að geta þjónustað fleiri.

Athugaðu að nú eru inngangarnir fimm og mismunandi vörur í hverju hólfi. Ekki er innangengt á milli hólfa og ef versla á vörur sem ekki eru í sama hólfi þarf að greiða fyrst fyrir vörur í einu hólfi og fara svo út til að færa sig yfir í næsta hólfi.

Vertu búin/n að kynna þér hvert þú átt að fara áður en þú kemur til þess að heimsóknin verði sem stýst.

Mikið álag er í verslun okkar og við biðjum alla viðskiptavini að sýna þessu ástandi skilning!



A
hólf

Timbursala
Fyrirtækjasvið
Múrefni
Einangrun
Pallaefni
Plötur

B
hólf

Parket
Gluggar og hurðir
Flísar
Baðland
Upplýsingaborð
Salerni

C
hólf

Vélar og verkfæri
Hábrýstidælur
Plastkassar
Hillur og hilluefni
Hreinsiefni
Bílavörur

D
hólf

Ljós
Ljósaperur
Rafmagnsefni
Málningarvörur
Filmur og veggfóður
Teppi

E
hólf

Garðaland
Grill
Grillfylgihlutir
Sumarhúsgögn
Silkiblóm
Garðverkfæri

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

SKOÐUN

Áfengisást



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki verður komið í veg fyrir að stjórnmálamenn láti frá sér óheppileg orð, og stundum hreina vitleysu, en minna væri af slíku ef þeir gerðu sér skýrari grein fyrir því hvað stöðu þeir gegna. Nú um stundir er ástandið í þjóðfélaginu erfitt. Fólk er að veikjast og leggjast inn á sjúkrahús. Einstaklingar eru að missa vinnu á sama tíma og þeir geta ekki farið ferða sinna í sama mæli og áður. Vitanlega leggst þetta ástand þungt á marga. Á tímum eins og þessum er furðulegt að dómsmálaráðherra landsins, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, hafi skrifað á Twitter að ef einhvern tímann væri þörf fyrir löglega netverslun með áfengi þá væri það nú.

Áslaug Arna hefur örugglega sjálf litið svo á að þessi athugasemd hennar væri sárasklaus, enda setti hún hana fram í samhengi af ummælum borgarfulltrúa sem sagðist vita af því að fólk væri að senda öðru fólki léttvín heim. Þarna hefði Áslaug Arna samt betur munað eftir því að hún er ráðherra á viðsjárverðum tímum þar sem margir eru afar kvíðnir. Athugasemd hennar um að einmitt nú sé þörf á netverslun með áfengi lýsir léttúð og kann jafnvel að benda til að hún sé ekki í nægilegum tengslum við raunveruleika dagsins. Það er ekki gott þegar ráðherra á í hlut.

Áslaug Arna sýndi dómgreindarleysi með því að setja frá sér orð sem benda til að hún telji það vera forgangsmál á erfiðum tímum að þegnar landsins geti pantað sér áfengi á netinu. Nú um stundir þarf að huga að mikilvægari málum.

Við búum við vissa einangrun og áfengisdrykkja er ekki lausn á því ástandi. Fólk eyðir nú meiri tíma heima hjá sér en áður og þarf að finna sér ýmislegt til dundurs. Hinir heimakæru njóta þess margir alveg ágætlega, sökkva sér til dæmis ofan í bók eða hlusta á tónlist. Sumir syngja jafnvel. Eitt af því fallega á þessum miður skemmtilegu tímum er einmitt að fjölmargir einstaklingar víða um heim fara út á svalir eða út í garð á ákveðnum tíma dags og syngja. Tónlistin færir þeim von um að betri tímar séu í nánd.

Það er hægt að vinna fallega með einangrun á heimili. En hún getur líka kostað sitt. Þannig vara sérfræðingar við því að hjónaskilnuðum muni fjölga þar sem það muni verða mörgum hjönnum um megn að vera saman í einangrun. Þetta eru ekki alsæl tímindi því það hlýtur að vera betra að einstaklingar komist að því að þeir eigi ekkert sameiginlegt heldur en að þeir hangi saman vansælir í áratugi. Verra er að vitað er að heimilisofbeldi mun færast í aukana. Það sama á við um óhóflega áfengisdrykkju sem slævir dómgreindina, oft með skelfilegum afleiðingum.

Það þarf ekki fylgja bindindisstefnu til að átta sig á að á þessum tímum er áfengi ekki lausn á vandanum og ekki stillir það kvíða hinna kvíðafullu. Meira að segja þeir einstaklingar sem eru fylgjandi sölu áfengis í verslunum og sjá heldur ekkert athugasvert við sölu þess á netinu hljóta flestir að átta sig á því að þetta er ekki tíminn til að setja þau mál í forgang.

Halldór



Frá degi til dags

Klikka apríl

Það var ekki hlaupið að því að fá landann til að hlaupa apríl í gær, núna þegar enginn má fara út úr húsi. Helsta leiðin til að hrekja einhverja aðra en þá allra nánustu var að fá einhvern til að smella á eitthvað sem hljómar furðulega á samfélagsmiðlum. Má kalla það að „klikka apríl“. Lífsskoðunarfélagið Siðmennt reyndi þetta með yfirlýsingu um að félagsskapurinn væri búinn að sameinast þjóðkirkjunni og samningar þess ennis hefðu verið undirritaðir. Guð hjálpi oss.

Falsfréttir þjóðernissinna

Það er oft allt í lagi að vera á móti meirihlutanum og standa á sínu. Það er aðeins annað þegar þú telur niðurstöðurnar falsaðar þegar 98 af hverjum hundrad eru á öndverðri skoðun. Sá magnaði félagskapur Félag sjálfstæðismanna um fullveldismál telur það falsaðar niðurstöður að þjóðin treysti almennt heilbrigðisyrivöldum. Niðurstöður sem koma ekki beinlínis á óvart miðað við ástandið. Sendu samtökin frá sér yfirlýsingu með hástöfum í gær þar sem heilbrigðisyrivöld voru fordæmd. Hvers vegna er annað mál. Hvort þeir vilja að allir læsi sig ofan í neðanjarðarbyrgi eða fari í Kringluna til að knúsa alla verður hver og einn að giska á.

arib@frettabladid.is

Sterkari en áður



Magnús Orri Schram
höfundur,
starfar í ferðaþjónustu

Ferðaþjónustan, stærsta atvinnugreinin, verður því miður ekki svipur hjá sjón næstu misserin og margir munu eiga um sárt að binda. En svo styttr upp. Þá verður mikilvægt að nýta ferðaþjónustuna til viðspyrnu. Markaðsátak með fallegum fossum og skemmtilegri tónlist verður þá ekki nóg. Allar þjóðir heims munu leika þann leik. Nú þarf að taka stærri skref.

Ferðaþjónusta mun breytast að loknum faraldri. Hefðbundnum viðskiptaferðalögum mun fækka verulega, aukin áhersla verður á ferðalög með tilgang og hefðbundin nálgun í markaðssetningu mun ekki duga. Aukin heldur hefur vitund almennings gagnvart umhverfismálum breyst stórkostlega undanfarin misseri og að loknum faraldri munu sífellt fleiri krefja fyrirtæki og samfélög um alvöru aðgerðir í umhverfismálum.

Með því að tvinnna saman markmið í umhverfismálum og ferðaþjónustu getum við Íslendingar náð árangri á báðum sviðum. Tökum nokkur dæmi: Við gætum loksins látið hendur standa fram úr ermum við Jökulsárlón, Geysir og Landmannalaugar og byggt upp vottaða, áhugaverða og umhverfisvæna áfangastaði. Þá verður næstu mánuðina litil eftirspurn eftir bílaleigubílum en svo þarf að endurnýja flotann á nýjan leik. Við gætum fjölgað hleðslustöðvum um allt land, styrkt hvata til orkuskipta og skapað forsendur fyrir rafbíla-væðingu bílaleiguflotans á 2-3 árum. Hversu svalt væri það ef allir bílaleigubílar á Íslandi væru rafbílar? Svo væri hægt að ákveða að Íslendingar myndu kolefnisjafna allar heimsóknir ferðamanna til landsins. Við myndum planta trjáum til að vege upp á móti fluginu til eyjunnar í norðri. Margfaldur ávinningur – gestirnir myndu losna undan kolefnismóralnum, markaðsátakið yrði kraftmeira og við myndum eignast nýja skóga um land allt.

Það verður ekki nóg að auglýsa bara þegar hlutirnir fara að braggast á nýjan leik. Það þarf að stíga alvöru skref og nú er tækifærið. Við getum náð árangri í umhverfismálum, skapað íslenski ferðaþjónustu mikla sérstöðu og mótað góðan grundvöll fyrir efnahagsviðspyrnu. Fram undan eru erfiðir tímar, en með samstilltu átaki getum við mætt aftur til leiks sterkari en áður.

Þarna hefði Áslaug Arna samt betur munað eftir því að hún er ráðherra á viðsjárverðum tímum þar sem margir eru afar kvíðnir.

VORDAGAR
50% AFSLÁTTUR

ICEWEAR ICELAND Vefverslun icewear.is frí heimsending

Eir Nú kr. 8.495.-
Kr. 16.990.-

Mía og Már Nú kr. 9.495.-
Kr. 18.990.-

Mía og Már Nú kr. 7.495.-
Kr. 14.990.-

Garri Bamastædir Nú kr. 1.375.-
Kr. 2.795.-

Garri Bamastædir Nú kr. 2.495.-
Kr. 4.990.-

Silver Nú kr. 9.995.-
Kr. 19.990.-

Drifter GV Nú kr. 14.995.-
Kr. 29.990.-

ICEWEAR MAGASÍN
SMÁRALIND OG LAUGAVEGUR 91

AF KÖGUNARHÓLI

Stríð og friður



Þorsteinn Pálsson

Baráttunni gegn kórónaveirunni er oft líkt við stríð. Sumir þjóðarleiðtogar stappa stáli í fólk með því að láta hverri brýningu um að fara að sóttvarnareglum fylgja bjartsýnisboðskap um að þjóðin muni saman vinna stríðið.

Þessi samlíking er minna notuð hér en í mörgum öðrum ríkjum. Í sjónvarpsviðtali á dögunum skaut forsætisráðherra sér til að mynda undan því að samsinna þessari stríðssamlíkingu.

Við og hinir

Eðli stríðsátaka felst í því að menn eða þjóðir skipa sér í fylkingar: Við og hinir.

Glíman við veiruna snýst hins vegar um eðli náttúrunnar. Þar eru engin landamæri milli okkar og hinna.

En baráttan við þetta ógnvekjandi náttúruafli á eitt sameiginlegt með stríðsrekstri. Veiran veldur miklu mannfalli. Sú kalda staðreynd ræður trúlega mestu um að samkennd vaknar og samstaða og félagsvitund eflist. Að því leyti má segja að skiljanlegt sé að stjórnálamenn hagnýti samlíkinguna við stríð.

En það er eigi að síður umhugsunar-efni fyrir þá sök að samstaða einnar þjóðar í stríði kveikir jafnan óvild í garð annarrar. Á því er sist þörf nú.

Mismunandi birtingarmynd samstöðu í Evrópu

Traust er forsenda þeirrar samkenndar og félagsvitundar, sem vaknar við aðstæður sem þessar. Víðast hvar



fylgja stjórnvöld sömu meginlinum varðandi sóttvarnir og efnahagsráðstafanir. Eigi að síður er munur á því hvernig þau nálgast viðfangsefnin og umgangast traustið og samkenndina.

Þótt þjóðarleiðtogum verði tíðrætt um stríð og samstöðu hefur hvergi verið gripið til þess ráðs að mynda formlega þjóðstjórn eins og gert var í Bretlandi í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar. Þar í landi er samkenndin hins vegar augljóslega nýtt til þess að skerpa ímynd hins sterka leiðtoga.

Þjóðverjar hafa búið við eins konar þjóðstjórn um hríð. Hún hefur reyndar verið í upplausn. En athyglisvert er að einmitt þar hafa stjórnvöld þó gengið hraðar fram og af meiri festu með umfangsmeiri efnahagsráðstafanir en aðrar þjóðir í Evrópu.

Ungverjaland er svo á hinn bóginn dæmi um það hvernig ákallið um samstöðu vegna stríðsátaka er misnotað til að hraða áformum stjórnvalda um að leiða þjóðina af braut lýðræðis.

Ríkisstjórnin hefur annað lag á en borgarstjórnin

Hér heima hafa menn umgengist þá einingu og samstöðu, sem skapast hefur, með nokkuð ólíkum hætti í ríkisstjórn og borgarstjórn við ákvarðanir um tímabundnar varnaraðgerðir í þágu fólks og fyrirtækja. Friðsemdarástand ríkir þó á báðum stöðum.

Leiðtogar ríkisstjórnarinnar tóku þann pól í hæðina að ákveða efnahagsráðstafanirnar alfarið upp á eigin spýtur. Þótt stjórnarandstaða sé fús til samstarfs á hún vitaskuld ekkert til-

kall til þess að vera höfð með í ráðum.

Leiðtogar meirihlutans í borgarstjórn völdu hinn kostinn. Þeir ákváðu að móta ráðstafanir borgarinnar í sameiningu með minnihlutunum, sem axlaði um leið ábyrgð með auknum áhrifum.

Hugsanlega byggist afstaða leiðtoga ríkisstjórnarflokkanna á því að þeir treysta stjórnarandstöðunni til að rjúfa ekki eininguna þó að hún komi ekki að borðinu. Að sama skapi gæti afstaða leiðtoga meirihlutans í borgarstjórn hafa ráðið af því að þeir hafi einfaldlega ekki treyst minnihlutunum til að viðhalda einingunni nema hann ætti einnig hlut að máli.

En þetta gæti líka verið alveg á hinn veginn. Ríkisstjórnin treysti ekki andstöðunni á Alþingi til ábyrgra ákvarðana, en borgarstjórnarmeirihlutinn treysti aftur á móti minnihlutunum.

Jafnvægið milli samstöðu og virkrar rökræðu

Aðalatriðið er að máli skiptir hvernig samstaðan er nýtt.

Smitvarnirnar byggjast á þekkingu. Rætur hennar eins og annarra vísinda liggja í gagnrýnni hugsun. Sama gildir um lýðræðið. Án rökræðu og gagnrýni virkar það ekki.

Vegurinn til að viðhalda virku lýðræði við þessar einstöku aðstæður er sannarlega vandrataður.

Sú leið, sem flokkarnir í borgarstjórn fóru við að virkja þann jákvæða anda, sem er í samfélaginu, lýsir góðu jafnvægi milli kröfunnar um samstöðu og virka lýðræðislega rökræðu og ábyrgð.



Vegurinn til að viðhalda virku lýðræði við þessar einstöku aðstæður er sannarlega vandrataður.



BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

ÞAÐ ER BARA BEST AÐ KYNNAST
MÉR TIL AÐ SKILJA MIG BETUR

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja





Það er nóg til og meira frammi

Fæðuöryggi skiptir okkur öll máli.

Íslenskir bændur og fyrirtæki í landbúnaði munu hér eftir sem hingað til tryggja framleiðslu á úrvalsmatvælum fyrir land og þjóð. Við sjáum til þess að það sé nóg til af innlendum mat í verslunum landsins.

Takk fyrir að velja íslenskt!







TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1801 Breski flotinn, undir stjórn Nelsons flotaforingja, gjörsigrar danska flotann við Kaupmannahöfn.

1877 Norðan fárviðri sem gengur yfir Reykjavík og nágrenni veldur talsverðu tjóni.

1928 Jóhanna Magnúsdóttir er fyrst íslenskra kvenna til að fá lyfsösluleyfi. Hún rekur Lyfjabúðina lðunni í Reykjavík í áratugi.

1930 Haile Selassie er lýstur keisari Eþíópíu.

1973 LexisNexis opnar fyrir tölvukeyrða leit í dómasafni.

1982 Argentína gerir innrás á Falklandseyjar, þannig hefst Falklandseyjastrið.

2007 Jarðskjálfti, 8,1 á Richter að stærð, skekur Salómonseyjar og veldur flóðbylgju.



Nemendurnir Guðrún Úlfarsdóttir, Stefán Ellertsson, Kristinn Aron Gunnarsson, Arnbjörg Helga Björgvinsdóttir, Hrafnkell Hugí Vernharðsson, Steinunn Ösp Davíðsdóttir og Óskar Dagur Marteinnsson kunna að njóta þess sem Flateyri býður upp á.

Hittumst smitfrí og hress í ágúst til að klára skólann

Kennslu við Lýðháskólann á Flateyri verður frestað fram á síðsumarið. Til stóð að kenna tvær vikur eftir páska og ljúka skólaárinu með útskriftarferð en hvort tveggja biður betri tíma. Sumir nemendanna ætla þó að dvelja fyrir vestan og jafnvel setjast að.

Sumir nemendur hugsa sér til hreyfings um páskana og við getum ekki stoppað þá í að fara til síns heima. En við getum heldur ekki tryggt öryggi skólahópsins þegar það fólk kemur til baka eftir dvöl víða um land. Því verður frekari kennslu frestað hjá okkur, með lýðheilsu- og sóttvarnahagsmuni að leiðarljósi," segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólastjóri Lýðháskólans á Flateyri. Hún segir þau tvö námskeið sem eftir eru verða kennd í ágúst, gangi allt samkvæmt áætlun. „Þá gerum við okkur líka gláðan dag á útskriftarhátíð og förum í ferðalag. Við sjáum tækifæri í því að nemendurnir geti komið hingað og upplifað Flateyri að sumri til, þegar enginn snjór er.“

Til þessa hefur Flateyri verið smitfrí af kórónaveiru enda samskipti íbúa og nemenda við fólk utan svæðisins takmörkuð, meðal annars vegna illveðurs og ófærðar, að sögn Ingibjargar. „En nú er búið að greina einhver tvö, þrjú smit á Ísafirði og í Bolungarvík svo þau nálgast okkur," bætir hún við.

Þó nokkrir nemendur skólans ætla að dvelja fram á vorið og einhverjir í sumar. „Þeir voru búnir að ákveða það áður en þetta veiruástand kom upp," segir Ingibjörg. „Sumir eru að sækja um aðra skóla í haust, til dæmis Kvíkmyndaskólann og Listaháskólann, og ætla að finna sér eitt-hvað að gera þangað til, aðrir hyggjast setjast hér að. Hér eru fjórir eða fimm búsettir enn úr árganginum í fyrra, fóru kannski í smá tíma en komu aftur. Þessi skóli eykur íbúafjöldann á Flateyri og fólkíð úr honum auðgar samfélagið því það kemur með margt nýtt," segir hún og tekur fram að búið sé að opna fyrir umsóknir um næsta skólaár.

Þeir núverandi nemendur sem vilja vera áfram á Flateyri, þó hlé verði á skólastarfi, halda húsnaði sínu fram í maí. Þeir eru bæði af útivistar- og hugmyndabraut, að sögn Ingibjargar. Hún



Við sjáum tækifæri í því að nemendurnir geti komið hingað í ágúst og upplifað Flateyri að sumri til, þegar enginn snjór er, segir Ingibjörg Guðmundsdóttir skólastjóri.



Stanslaus óveður, mesti snjór í áratugi, snjóflóð á þorpið og heimsfaraldur eru ekki atriði sem við vorum með í kynningarefni síðasta árs fyrir þetta skólaár!

segir skólann munu leitast við að hjálpa þeim að finna möguleg verkefni í samstarfi við sveitarfélagið og aðra staðbundna aðila. „Þrír á útivistarbrautinni elska fjöllin hér og eru að kenna á snjóbretti og skíði," lýsir hún.

Ingibjörg segir nemendurna hafa öðlast ótrúlega reynslu þennan erfiða vetur en eftir standi samheldinn og sterkur hópur sem aðstandendur skólans séu stoltir af. „Stanslaus óveður, mesti snjór í áratugi, snjóflóð á þorpið og heimsfaraldur eru ekki atriði sem við vorum með í kynningarefni síðasta árs fyrir þetta skólaár!"

„Vetur í Lýðskólanum á Flateyri breytir lífi fólks, í þetta sinn kannski meira en við gerðum ráð fyrir en í gegnum þessar hremmingar hefur hópurinn eflst við hverja raun og enginn nemandi hætt. Við hittumst svo smitfrí og hress í ágúst til að klára skólann!"

gun@frettabladid.is



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Snjáfríður Sigurjónsdóttir
áður til heimilis
að Þorragötu 5, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 20. mars sl. Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir færur við starfsfólki á Sóltúni fyrir hlýju, alúð og góða umönnun.

Sigrún Kristjánsdóttir
Erna Kristjánsdóttir

Sveinbjörn Jónsson
Ísleifur Ólafsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Bjarni Guðmundsson
rafvirkjameistari,
Hringbraut 56, Reykjanesbæ,

lést 26. mars sl.
Útförin fer fram í kyrrþey.

Hólmfríður Jónsdóttir

Guðfinna Sesselja Bjarnadóttir
Guðrún Bjarnadóttir
Guðbjörg Bjarnadóttir Özgun
Guðmundur Jón Bjarnason
Bjarnfríður Bjarnadóttir

Vilhjálmur Kristjánsson
Ásmundur Jónsson
Ali M. Özgun
Arnbjörg Drífa Káradóttir
Hermann Árni Karlsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts elsकुलेgs eiginmanns, föður, tengdafaðir og afa,

Leós Kristjánssonar

Elin Ólafsdóttir

Kristján Leósson
Hildigunnur Sverrisdóttir
Nanna Kristjánsdóttir
Tómas Leó Kristjánsson
Kristján Nói Kristjánsson

Margrét Leósdóttir
Kristján Bragason
Elin Kristjánsdóttir
María Ósk Kristjánsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurlín Sigurðardóttir
(Lína)
frá Selárdal í Súgandafirði,

lést föstudaginn 27. mars á
Hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi.

Innilegar þakkir sendum við starfsfólkinu á Höfða fyrir einstaka umönnun, vináttu og virðingu. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu fer útför fram í kyrrþey, en minningarathöfn verður auglýst síðar.

Sigurður Kristján Garðarsson
Pálína Kristín Garðarsdóttir
Óskar Gíslason
Steinunn Jónsdóttir
Arnar Jónsson
Alexander Óðinn, Garðar Orri og Hrafnhildur Freyja

Hjörtur Davíðsson

FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR 2. APRÍL 2020

Tíska



Kamilla vill nota athyglina sem fylgir því að keppa í Miss Universe Iceland til að vekja athygli á málefnum sem eru henni hugleikin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Allir eiga rétt á því að fá að upplifa öryggi

Kamilla Krístrúnardóttir Hancock er tvítug stelpa úr Breiðholti. Þrátt fyrir að vera ung að árum hefur hún búið í fjórum löndum. Kamilla hefur mikinn áhuga á tísku og heillast mest af tiskuþrautum frá Suður-Kóreu. ➔2

Betra blóðflæði



Lífrænt rauðrófufuduft í hylkjum

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Kamilla fæddist á Íslandi en flutti til Bandaríkjanna sex ára gömul ásamt mómmu sinni og stjúpföður. Hún bjó líka í nokkur ár í Japan með fjölskyldunni en flutti svo aftur til Íslands 15 ára gömul. Hún hefur því lært að skilja og meta ólíka menningarheima. Kamilla segist alltaf hafa haft áhuga á tísku og lengi vel langaði hana að verða fatahönnuður. „Mér finnst gaman að tjá mig í gegnum fatnað. Ég hef mismunandi fatastíl, hann fer alveg eftir því hvernig skapi ég er í. En ég er mest fyrir suðurkóreska tísku,“ segir Kamilla.

Áhuginn á kóreskri tísku kviknaði þegar Kamilla fór að hlusta á k-pop, vinsæla popptónlist frá Suður-Kóreu. Kamilla fór svo sem skiptinemi til Suður-Kóreu veturinn 2017-2018 og þá varð áhuginn enn meiri.

„Ég byrjaði að hlusta á k-pop þegar ég var 14 ára. Tónlistarmyndböndin eru mjög glysgjörn með fullt af flottri hönnun. Mér líkaði hvernig þau finguðu athygli mína með öllum þessum björtu litum.“

Það er þó ekki einfalt að finna fót á Íslandi í kóreskum stíl en Kamilla kann ráð við því. „Ég breyti bara fótunum sem ég á. Ég sauma þau svo þau verði sem líkust þeim stíl sem ég vil. En svo fór ég til Kóreu í janúar sérstaklega til að kaupa mér fót,“ segir Kamilla.

Langar að starfa við kvikmyndagerð

Nú liggur áhuginn þó meira í kvikmyndagerð en fatahönnun. Kamilla langar að verða kvikmyndaleikstjóri eða framleiðandi í framtíðinni. Hún er þessa dagana að taka þátt í keppninni Miss Universe Iceland og ætlar að taka upp heimildarmynd um reynslu sína þar.

„Ég var í filippseysku partíi í febrúar og þar var maður sem sat við hliðina á mér sem sagði mér að hann hefði mjög gaman af að fylgjast með fegurðarsamkeppnum og sagði að ég ætti endilega að skrá mig. Hann gæti hjálpað mér að læra að ganga og hann gæti stutt mig áfram í keppninni. Ég tók þessu nú ekkert alvarlega og sagði bara já, ég get alveg skráð mig. Ég bjóst ekki við því að neitt yrði úr því.“

Kamilla ákvað samt að kíkja á vefsíðuna hjá Miss Universe Iceland og sá þá að umsóknarfresturinn var liðinn. Hún ákvað samt að skrá sig og hugsaði með sér að hún gæti þá kannski tekið þátt



Kamilla er hrifin af kóreskri tísku en segir ekki auðvelt að finna kóreska tísku-fót á Íslandi en hún fór til Kóreu í janúar í verslunarferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kamilla breytir oft fötum sem hún á fyrir svo þau verði eins og hún vill hafa þau en þegar hún var yngri dreymdi hana um að verða fatahönnuður.

“Ég held það skipti ekki máli hvort ég vinn eða ekki. Ég mun alltaf geta nýtt reynslu mína af þátttökunni.”

vilji standa fyrir í keppninni en það eru mörg málefni sem liggja henni á hjarta og hana langar að nota athyglina sem hún fær vegna þátttökunnar til að vekja athygli á einhverju þeirra.

„Það eru mörg mál sem tengjast mér sem mig langar að tala um. Ég á fullt af vinum frá ólíkum löndum sem upplifa ekki öryggi í heimalandi sínu og þurfa hæli hér. Mér finnst allir hafa rétt á að upplifa öryggi. Svo langar mig að vekja

athygli á málefnum sem varða ólíka kynþætti. Mér finnst kynþáttur oft vera blætisvæddur. Það er ekki svo mikið kynþáttahatur hér en kynþáttablæti er mikið finnst mér,“ útskýrir Kamilla.

Hún segir að sú reynsla að hafa búið í fjórum ólíkum löndum hafi gert hana viðsýnni en ella og að hún hafi ef til vill minni fordóma fyrir fólki af ólíkum uppruna en fólk sem hefur aldrei kynnst annarri menningu en sinni eigin.

„Mig langar að nota tækifærið með þátttöku minni og tala um eitthvað af þessu. En ég held það skipti ekki máli hvort ég vinn eða ekki. Ég mun alltaf geta nýtt reynslu mína af þátttökunni. Til dæmis til þess að komast áfram í kvikmyndabransanum en vonandi get ég nýtt heimildarmyndina til þess.“



NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

LÍTTU VIÐ Á [BELLADONNA.IS](http://belladonna.is)

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

á næsta ári. „En Manuela (stjórnandi keppinnar) hringdi í mig innan við 15 mínútum eftir að ég skráði mig og sagði að það væri laust pláss fyrir mig því ein hætti við. Svo ég sló til, þetta gerðist allt mjög hratt.“

En vegna COVID-19 heimsfaraldursins þurfti að fresta keppninni þangað til í ágúst svo áfingar fyrir hana voru settar á bið.

„Við vorum búnar að hittast allar einu sinni áður en öllu var frestað. En ég hef þá bara lengri tíma til að undirbúa mig,“ segir Kamilla.

Vill nýta þátttökuna til góðra málefna

Hún segist ekki vera búin að ákveða alveg hvaða málstað hún

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



Pedro Miralles



Nero Giardini



Via Vai



Pedro Miralles

20%
af ÖLLUM skóm í vefverslun
www.hjahrafnhildi.is



Via Vai



Via Vai



Nero Giardini



Nero Giardini



Wonders



Wonders



Nero Giardini



Wonders



Nero Giardini



Nero Giardini



Wonders

**Tímabundið
breyttur opnunartími í verslun.**
Opnið alla virka daga
og laugar daga milli kl. 12-16.



Wonders

hjá
Hjahrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Pedro Miralles



Önnur ný taska frá Hermès sem á örugglega eftir að verða vinsæl.

Sækir innblástur til hestamanna

Þrátt fyrir að COVID-19 væri farin að stinga sér niður í Evrópu kynntu helstu tískuhönnuðir heims haust- og vetur 2020-2021 í París í lok febrúar.

Elin Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Meðal sýnenda var hið þekktu merki Hermès sem meðal annars framleiðir eftirsóttar töskur. Tískusýning Hermès þótt ákaflega glæsileg og litirnir fyrir næsta haust og vetur eru mildir jarðarlitir, brúnir, beige, svartur og hvítur. Ákaflega stílhrein tíska og falleg. Hönnuðurinn Nadège Vanhee-Cybulski sagðist vilja hafa stílinn klassískan en þó frjálsgan. Hún sagðist sækja innblástur til fyrstu ára Hermès þegar lúxus reiðklæði voru framleidd hjá fyrirtækinu.

Hermès tískumerkið varð til í

Frakklandi árið 1837, fyrst sem leðurframleiðandi. Stofnandinn Thierry Hermès framleiddi lúxus beisli og annan búnað fyrir hestamenn og þjónaði fyrst og fremst aðalsmönnum. Sama fjölskyldan hefur rekið fyrirtækið allar götur síðan, kynslóð eftir kynslóð. Vörurnar eru framleiddar í Frakklandi en Hermès er þekkt fyrir handunnar töskur sem nefndar eru eftir þekktum leikkonum eins og Jane Birkin og Grace Kelly. Þær eru jafnvinsælar í dag og þær voru í upphafi. Frægustu konur heims sjást gjarnan með slíkar töskur. Fyrirtækið er einnig þekkt fyrir klúta og klæði úr silki.

Hermès rekur nú um 300 verslanir um víða veröld og er eitt verðmætasta lúxusfyrirtæki í heimi.



Klassískur hversdagsfatnaður og frjálsgur.



Virðuleg ullarkápa úr kasmir, í beige-lit.



Hér koma greinileg áhrif frá klæðnaði aðalsmanna sem jafnframt voru hestamenn.



Tískuvikan í París fór fram síðustu dagana í febrúar. Þar sýndi Hermès meðal annars haust- og vetrartískuna fyrir 2020-2021. Þessi glæsilega kápa verður flott næsta vetur.

MYNDIR/GETTY



Töskurnar frá Hermès eru alltaf vinsælar þótt dýrar séu. Hér er ný útgáfa af Hermès-tösku.



Klassískur vetrarfátnaður frá Hermès.



Óhefðbundinn klæðnaður, leðurpils með axlaböndum.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Nýjar umbúðir

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjós og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



OKKAR FRAMLAG ÓBREYTT VERÐ

Gengi krónunnar gagnvart USD hefur sigið um tæp 17% frá 25. mars 2019.
Við bitum á jaxlinn og bjóðum óbreytt verð á flottum vöðlu- og stangapökkum út apríl.

Á öllum skóm
er val um filt
eða gúmmíbotn.

SIMMS
FREESTONE Z
vöðlur

FREESTONE
skór
APRÍLVERÐ:
79.995 kr.
(Fullt verð 97.990 kr.)

SIMMS
FREESTONE
vöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
65.995 kr.
(Fullt verð 82.990 kr.)

SIMMS
TRIBUTARY
vöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
45.995 kr.
(Fullt verð 56.990 kr.)

SIMMS
TRIBUTARY
krakkavöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
34.995 kr.
(Fullt verð 41.990 kr.)

REDINGTON
ESCAPE
vöðlur
BENCHMARK
skór
APRÍLVERÐ:
46.995 kr.
(Fullt verð 62.990 kr.)

REDINGTON
ESCAPE ZIP
vöðlur
BENCHMARK
skór
APRÍLVERÐ:
56.995 kr.
(Fullt verð 75.990 kr.)

REDINGTON
ESCAPE PANT
vöðlur
BENCHMARK
skór
APRÍLVERÐ:
42.995 kr.
(Fullt verð 57.990 kr.)

REDINGTON
CROSSWATER
vöðlur
PALIX
skór
APRÍLVERÐ:
28.995 kr.
(Fullt verð 38.900 kr.)

REDINGTON
YOUTH
CROSSWATER
krakkavöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
24.995 kr.
(Fullt verð 33.900 kr.)

*Vorid er komið.
Við förum að veiða.*

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

SIMMS
FREESTONE Z
dömu vöðlur

FREESTONE
skór
APRÍLVERÐ:
79.995 kr.
(Fullt verð 97.990 kr.)

SIMMS
FREESTONE
dömu vöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
65.995 kr.
(Fullt verð 82.990 kr.)

SIMMS
TRIBUTARY
dömu vöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
45.995 kr.
(Fullt verð 56.990 kr.)

REDINGTON
SONIC
dömu vöðlur
SIREN
skór
APRÍLVERÐ:
59.995 kr.
(Fullt verð 77.990 kr.)

REDINGTON
WILLOW
dömu vöðlur og skór
APRÍLVERÐ:
34.995 kr.
(Fullt verð 44.990 kr.)

REDINGTON
CROSSWATER
Fluguveiðipakki
APRÍLVERÐ:
24.995 kr.
(Fullt verð 32.995 kr.)

REDINGTON
VICE
Fluguveiðipakki
APRÍLVERÐ:
44.995 kr.
(Fullt verð 56.995 kr.)

REDINGTON
PATH
Fluguveiðipakki
APRÍLVERÐ:
31.995 kr.
(Fullt verð 38.995 kr.)

REDINGTON
CROSSWATER
Fluguveiðipakki
APRÍLVERÐ:
24.995 kr.
(Fullt verð 32.995 kr.)

REDINGTON
MINNOW
Fluguveiðipakki
APRÍLVERÐ:
24.995 kr.
(Fullt verð 32.995 kr.)



VEIÐIKORTIÐ 2020

50% afsláttur þegar það er keypt með
vöðlu- eða fluguveiðipökkum.

AÐEINS 3.950 kr.
(Fullt verð 7.900 kr.)

2019

Framúrskarandi
fyrirtæki 10 ár í röð

TRAUSTR FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



VEIÐIHORNIÐ

veidihornid.is

LIFANDI NETSPJALL Í VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU

SENDUM SAMDÆGURS

MUNIÐ VINSÆLU
GJAFABRÉFIN

SÍÐUMÚLA 8
SÍMI 568 8410
VEIÐIHORNID.IS

Saga og útlit fangabúninga

Með hækkandi sól draga margir fram röndóttar flíkur. En rendur eiga sér líka myrkari sögu og hafa lengi og víða verið notaðar á fangabúninga. Áberandi litir eru algengir eins og appelsínugulur.

Hjördís Erna

Þorgeirsdóttir

hjordiserma@frettabladid.is



Helsta hlutverk fangabúninga er að þeir séu áberandi og auðvelt að greina þá frá borgaralegum fatnaði og búningum fangavarda. Þá eru þeir einnig hannaðir í því skyni að hægt sé að bera kennsl á þá, jafnvel úr mikilli fjarlægð, og draga þannig úr líkum á að fangar reyni og þeim takist að flýja. Enn fremur er mikilvægt að hönnun búninganna bjóði ekki upp á að hægt sé að fela hluti, og þá sérstaklega vopn, auðveldlega.

Liður í refsingu

Það að vera í fangabúningi getur haft verulega áhrif á sálarlíf þess sem honum klæðist þar sem viðkomandi velur ekki að vera í honum og er upplifunin og ferlið því þvingað. Búningurinn dregur verulega úr sjálfræði fanga enda er klæðaburður gjarnan mikilvægur hluti af persónubundinni tjáningu hvers og eins. Sá sem klæðist búningnum tapar þannig mikilvægum einstaklingseinkennum og eru afleiðingarnar meðal annars minna sjálfsálit. Fangabúningar eru því í raun óbeinn liður í refsingu vegna þeirrar andlegu vanlíðunar og niðurlægingar sem fylgir gjarnan notkun þeirra.

Það eru þó lög sem kveða á um að ekki sé leyfilegt að láta fanga klæðast niðurlægjandi eða litilækkandi fatnaði.

Fyrir tíð sérstakra fangabúninga var algengast að fangar væru látnir vera berfættir meðan á afplánun stóð. Það þótti og þykir víðast hvar ekki viðeigandi að vera ekki í skóm og urðu fangar þannig enn frábrugðnari frjálsum borgurum og fól þetta í sér víska niðurlægingu. Fyrirkomulagið er talið tengjast því að þrælur voru oft berfættir sem táknaði óæðri samfélagslega stöðu þeirra og skort á valdi. Þá voru fangar oft hlekkjaðir á fótum.

Það að vera berfættur var einnig mikilvægur þáttur í að hindra eða draga úr líkum á flóttu. Berfættir fangar voru berskjaldaðir og auðveldara var að yfirbuga þá ef þess þurfti. Líkt og með fangabúninga, felur þetta fyrirkomulag í sér ákveðna refsingu í formi niðurlægingar og er ápreifanleg áminning



Í dag eru fangabúningar yfirleitt frekar einfaldir og þægilegir. MYND/GETTY



Varnarlausustu fórnarlömb Helfararinnar, börn, klædd fangabúningum.

Fangabúningar eru því í raun óbeinn liður í refsingu vegna andlegrar vanlíðunar og niðurlægingar sem fylgir gjarnan notkun þeirra.

ing um yfirvaldið sem fangar þurfa að lúta.

Fangar eru enn þann dag í dag berfættir víða um heim ásamt því að klæðast búningum.

Breyttar áherslur

Á 19. öld varð algengara að fangar klæddust sérstökum búningum samhliða dómum sem kváðu á um lengri afplánun í mörgum löndum. Það var á þeim tíma sem sigildi röndótti fangabúningurinn kom fram á sjónarsviðið og var hann mikið notaður í Bandaríkjunum.

Í byrjun 20. aldar var svo farið að endurhugsa markmið refsinga og fór áherslan að beinast að betrun fremur en einungis refsinga og niðurlægingu. Með breyttum hugsunarhætti breyttust einnig búningar víða. Meðal fatnaðar sem þá varð algengari voru skyrtur og gallabuxur og svo auðvitað samfestingar en einlitir samfestingar hafa verið einna algengastir síðustu tuttugu ár.

Ákveðnir litir eru oft notaðir notaðir til þess að tákna stöðu fanga, eins og fanga sem taldir eru



Mynstur hafa löngum verið vinsæl í fangabúningum. MYND/GETTY



Fangar í Bandaríkjunum, í sigildum röndóttum búningum.

hættulegir, eru að afplána þunga dóma og þá sem eru taldir líklegir til að reyna flóttu. Hættulegustu fangarnir klæðast til að mynda oft dökkrauðum búningum. Í sumum fangelsum eru vissir litir notaðir til að miðla upplýsingum um hvaða gengi viðkomandi tilheyrir. Þá

er röndóttur fatnaður enn þá í notkun víða og var hann líka algengur meðal stríðsfanga.

Kvenfangar nutu lengi vel meira frelsi hvað klæðnað snerti en upp úr miðbiki 20. aldar varð æ algengara að kvenfangar klæddust sérstökum fangabúningum.

VORHREINGERNINGIN

Sérblað Fréttablaðsins, Vorhreingerningin, kemur út mánudaginn 6. apríl.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Mercedes Benz G350 9/2014. Diesel. Ekinn 100 þús km. Hlaðinn búnaði og stórglæsilegur. Brún Designio leður innrétting. 2 gangar af felgum sumar og vetrar. Verð 14.900 þús.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

LÖGG. MÁLARAMEISTARI
Tökum að okkur alla málningavinnu, fagmennska og sanngjart verð. Málningaráþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningaráþjónusta. Löggitir málarar geta bætt við sig verkefnum. Veitum sveigjanleg greiðslukjör við allra hæfi. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Spái í visdómsspil í gegnum síma, tímabantanir í síma 891-8727. Stella.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Húsnæði í boði

HERBERGI TIL LEIGU
Herbergi til leigu í Kópavogi, með sérinng, baðherb, þvottah, laust strax, Verð. 80.000, 2 mán fyrirfram. Sími: 8687283.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464


Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna óskast

Faglærður Húsasmiður/einryki með mikla reynslu óskar eftir vinnu. S:782-0040

Þjónusta



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.



HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



Bílsætavíðgerðir-, mótörhjóra og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR

EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 575 www.hs@bolstrun.is



Gæðamúr ehf.

Gunnar Björn Jónsson

Löggitur múrarameisteri

Sími: 845-4050

E-mail: gaedamur@gmail.com

Alhliða múrverk - Flísalagnir - Flotun - Steining

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

worknorth.is

WORK NORTH

HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

SKIPULAGSBREYTING

Aðalskipulagsbreyting - breytt landnotkun.

Á fundi bæjarstjórnar þ. 5.2. sl. var eftirfarandi tekið fyrir: Hjallabraut, aðalskipulagsbreyting.

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 17. desember sl. Afgreiðslu frestað á fundi bæjarstjórnar 8.janúar sl. Á fundi bæjarstjórnar þann 28.nóvember 2018 var samþykkt að vinna að aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar landnotkunar við Hjallabraut í samræmi við 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga. Lýsing vegna breytinganna hefur þegar verið samþykkt. Umsagnir þar til bærra aðila liggja nú fyrir. Einnig hefur verið haldinn íbúafundur þar sem breytingarnar voru kynntar. Erindið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 13.08. s.l. Breyting var gerð á afmörkun svæðisins. Nú er lagður fram nýr uppdráttur er sýnir tillögu að aðalskipulagsbreytingunni. Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagðan breyttan uppdrátt og að hann skuli auglýstur í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs. Í breytingunni felst að hluta Víðistaðasvæðis verði breytt í íbúðarsvæði. Svæðið fellur nú undir OP2, opið svæði, og Hvc1, hverfisvernd, er á hluta svæðisins. Þegar raskað land milli Hjallabrautar og hraunjaðars, þar sem nú liggur hjóla- og göngustígur, verði nýtt undir íbúðabyggingu. Hraunjaðar Víðistaðatúns verður áfram ósnertur enda verði hann áfram hverfisverndaður. Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhella 2, frá 02.04.-15.05.2020.

Auk þess er hægt að skoða tillöguna á www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skipulag í kynningu. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 15.05.2020 eða stílaðar á:

Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslýsingar fyrir:

Hátún í Landbroti – Skipulags- og matslýsing til kynningar.
Um er að ræða skipulag á nýjum verslunar- og þjónustureit (V) á jörðinni Hátúnum í Landbroti. Heildarstærð jarðar er 641 ha en það svæði sem hér er unnið með er um 35ha og þar af eru um 10ha sem flokka má sem áhrifasvæði mannvirkja. Aðkoma að svæðinu er frá Meðallandsvegi (204), vegi sem liggur þvert í gegnum jörðina Hátún.

Hrífunes í Skaftártungu – Skipulags- og matslýsing til kynningar.
Um er að ræða breytingu á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir stækkun svæðis V2 fyrir hótél í Hrífunesi. Svæðið sem stækkunin nær til vegna uppbyggingar á hóteli er skilgreint sem landbúnaðarsvæði <200 m.y.s og er um 34 ha af stærð, heildarstærð svæðisins verður þá 80ha eftir stækkun. Áætlað er að uppbygging verði á Sjónarhóli, innan jarðar Hrífunes, þar sem áætlað er að byggja hótél með allt að 150 herbergjum, starfsmannaíbúðir, aðkomuveg og bílastæði. Uppbyggingunni fylgja tengingar og framkvæmdir vegna veitukerfa s.s. vatnsveitu og fráveitu. Aðkoma verður af Hrífunesvegi (209) en inn á svæðinu eru vegslóðar sem leitast verður eftir að nýta í heimreið.

Lýsingarnar eru auglýstar í Fréttablaðinu, Búkollu og á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is frá og með **fimmtudeginum 2. apríl til og með 23. apríl 2020**. Umsagnar- og athugasemdafrestur er til 23. apríl 2020.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Hæðargarður – Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóðar.
Um er að ræða 41.604 m² lóð sem áætlað er að reisa á þjónustumiðstöð á einni hæð sem fellur vel í og að landslagi. Aðkoma inná lóðina sunnan frá af Suðurlandsvegi, Þjóðvegi (1) og frá Meðallandsvegi (204) að norðan. Aðkomur á uppdrætti eru leiðbeinandi. Gera skal ráð fyrir góðum tengingum að nærliggjandi svæðum með göngustígum og tengslum við núverandi reiðstíga. Aðgengi slökkviliðs, sjúkrabíla, sorphirðubíla, skólphreinsibíla og annarra þjónustufarartækja skal tryggt í alla staði.

Deiliskipulagstillagan er auglýst í Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu, Búkollu og á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is frá og með **fimmtudeginum 2. apríl til og með 14. maí 2020**. Umsagnar- og athugasemdafrestur er til 14. maí 2020.

Skila skal umsögnum og athugasemdum undirrituðum raf-rænt, beint á netfangið bygg@klaustur.is


Ólafur Elvar Júlíusson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftárhrepps

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Parftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

DAG HVERN **LESA**

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMLIÐ: PRENTMÁLAMÆLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNÞJÓLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmál Gallup, jan.-jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskaeggirnir koma

Nóa páskaeggirnir eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gömsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík



0 | 6
°C | ↕

Egilsstaðir



-2 | 9
°C | ↕

Ísafjörður



-6 | 9
°C | ↕

Kirkjubæjarkl



0 | 4
°C | ↕

Akureyri



-4 | 7
°C | ↕

Hveravellir



-9 | 10
°C | ↕

Dregur úr vindi og léttir víða til, 5-15 m/s síðdegis, hvassast SA til, en áfram dálítill el á N- og A-landi. Frost 1 til 7 stig, en herðir á frosti um kvöldið.

Föstudagur

Reykjavík



-1 | 4
°C | ↕

Egilsstaðir



-4 | 8
°C | ↕

Ísafjörður



-7 | 10
°C | ↕

Kirkjubæjarkl



-2 | 3
°C | ↕

Akureyri



-5 | 5
°C | ↕

Hveravellir



-11 | 6
°C | ↕

Laugardagur

Reykjavík



-2 | 6
°C | ↕

Egilsstaðir



-7 | 4
°C | ↕

Ísafjörður



-7 | 7
°C | ↕

Kirkjubæjarkl



-3 | 4
°C | ↕

Akureyri



-9 | 3
°C | ↕

Hveravellir



-10 | 8
°C | ↕

LÉTT

	4			9			7
5		8		1	7		9
6						8	
7	8		5				3
3			4		2		
2							
			3		6	9	8
			9	5			
	5	3		8	1	2	6

MIDLUNGS

1		5		2			
2					8		9
6		8	1		3		
9				5	2	3	1
	6			3			8
		2			1		
5	1		9	6			2
						4	1
		6		7			

PUNG

							1
			7	9			8
		5	3		6		
				5		3	1
	8			9	7		
		1	2		3		5
	3			2			8
9						4	
1	2	8					6

Krossgáta

LÁRÉTT

1. trimm
5. umfram
6. í röð
8. stagl
10. tónn
11. klaka
12. ár
13. kk nafn
15. skordýr
17. matjurt

LÓDRÉTT

1. flekklaus
2. gusta
3. helsi
4. slaga
7. þjóta
9. planta
12. gælunafn
14. sódi
16. fyrirtæki

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. skokk, 5. auk, 6. rfs, 8. kiffun, 10. la, 11. snarast, 9. fífill, 12. agga, 14. gos, 16. ua.
LÓDRÉTT: 1. sáklaus, 2. kula, 3. oki, 4. krusa, 7. ísa, 12. áfar, 13. uggl, 15. soglus, 17. salar.

Skák Gunnar Björnsson

Smyslov átti leik gegn Ljubinski í Moskvu árið 1947.

1. Rxf7! Rxf7 2. Bb6! (Einnig hægt að leika 1. Bb6 fyrst).
- 2...Dxb6 3. Dxf7+ 1-0.

Davíð Kjartansson vann þriðjudagsmót TR sem fram fór á Chess.com í fyrradag. Í kvöld fer fram Laugó Invitational. Norðurlandamót skákfélaga fer fram á netinu um páskana. Gera má ráð fyrir að öll stærri skákfélög landsins taki þátt.

www.skak.is: NM skákfélaga.

Hvítur á leik



4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2

4	6	1	5	7	2	9	8	3
7	3	5	9	8	4	2	1	6
2	8	9	3	6	1	5	7	4
3	1	7	4	2	8	6	9	5
5	9	8	6	3	7	4	2	1
6	2	4	1	5	9	7	3	8
8	4	6	2	9	3	1	5	7
9	5	3	7	1	6	8	4	2
1	7	2	8	4	5	3	6	9

5	6	1	3	7	4	8	9	2
7	3	8	2	6	9	1	5	4
9	2	4	5	1	8	3	6	7
8	1	3	9	4	5	7	2	6
2	5	7	6	3	1	4	8	9
6	4	9	7	8	2	5	3	1
3	7	5	1	2	6	9	4	8
1	8	2	4	9	3	6	7	5
4	9	6	8	5	7	2	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


Pondus



Gelgjan



Barnalán



VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

Simi: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Fullur salur af fábjanum og rusli

Halarófa af siðlausum risagæludýraeigendum með feitan sýnishornapakka af persónuleikaröskunum er samkvæmt Netflix með þeim vinsælustu á skjáum landans.

Efnisveitur eins og Netflix, Hulu, Amazon Prime, Disney+ og hvað þetta heitir allt saman, ásamt VOD-leigum Símans, Vodafone og nú síðast Viaplay sem blandaði sér í stríðan strauminn í gær, eru vinsælar.

Topp 10 listi Netflix yfir það efni sem flæðir þingstium straumi um hálf lamað samfélagið er uppfærður daglega og gefur þannig ágætis yfirlit yfir hvernig afþreyingu landinn sækir þangað í veirudödanum og leiðindaveðrinu sem þessa dagana magnar drungann enn frekar.

Í gær voru erkifflin í Tiger King: Murder, Mayhem and Madness enn örugg á toppnum og ekki neitt sérstakt fararsnið að sjá á þeim frekar en COVID-19. Kannski ekki furða þar sem á ferðinni er í raun heimildarmynd um snarbilad fólk í Bandaríkjunum sem heldur risaketti, tigrisdýr og skæð rándýr af undarlega þráhyggjukennendum og sjúklegum hvötum.

Alltaf uppörvandi að geta furðað sig á hversu skrytið fólk getur verið í alvörinni á meðan maður er kannski sjálfur allveg á ystu nöf í framandi aðstæðum.

Joe Exotic er aðalrugludallurinn í þessu galleri af fólki sem er einhvern veginn hvert á sinn hátt holdtekja einhverra þekktara og misalvarlegra persónuleikaraskana.

Joe er hinn eini sanni Tigurkóngur sem þættirnir draga nafn sitt af en þó tæplega sá bilaðasti sem þarna stígur fram. Erkifjandi hans, „dýrverndarinn“ Carole Baskin væri sjálfsagt góði gæinn væri þetta skáldskapur en í raun reynist hún engu betri en Joe.

Bæði eru þau eins og leiðtogar sértrúarsafnaða og þéna ágætlega á eynd bæði dýra og fylgjenda þeirra sem elta illa innrætta foringja sína í blindni. Það eru einhvern veginn allir sem hér koma við sögu síðasta sort. Ömurlegt pakk og sorglegt lið.

Joe, Carole og enn ruglaðri furðufígúrunnar í Tiger King eru þannig manneskjur að flestir myndu líklega taka stóran sveig fram hjá þeim á fönnum vegi. Alltaf og ekki bara á tímum farsóttar. En ómótstæðilegur er þessi skrill og rígheldur fólk við glápið þótt kláðinn eftir því að líta undan eða skipta um rás sé stöðugur.

E! News greindi í vikunni frá óánægju Carole með myndina og sakar nú leikstjórana um að hafa blekkst sig þegar þau tóku viðtöl við hana. Undir því yfirsýni að um heimildarmynd í anda Blackfish



Joe er aðalgæinn í Tiger King en þar fyrirfinnst jafnvel enn meiri klikkhausar en hann. MYND/NETFLIX

TOPP 10 Á NETFLIX

- 1 Tiger King: Murder, Mayhem and Madness
- 2 Ozark
- 3 Unorthodox
- 4 Baby Driver
- 5 Car Masters: Rust to Riches
- 6 Friends
- 7 Dare Me
- 8 Brooklyn Nine-Nine
- 9 Freud
- 10 American Made

væri að ræða hafi þau náð persónulegu efni sem þau hafi síðan notað í allt öðruvísi mynd þar sem hún ræðir æsku sína, misnotkun eigin-

manna sinna og mjög svo dularfullt hvarf eins þeirra sem er talinn af.

E! hefur síðan aftur á móti eftir öðrum leikstjóranna að sjálfur sé Joe Exotic hæstanægður með myndina. Sé í raun í skjónum með frægðina sem hefur fylgt vinsældum þáttanna á Netflix þótt hann sé sjálfur bak við lás og slá.

Þótt Joe sé nú í búi eins og það er orðað og viti upp á sig sökina núna þá vorkenni kvikmyndagerðarfólkið honum. Enda sýnir hann vist iðrun.

Betra verður sjónvarpsefni sennilega ekki á vorum snarsturlöðu tímum. En þó rétt að halda því til haga að á Netflix er sem getur fer

hægt að finna heilbrigðari afþreyingu, klassík á borð við The Raiders of the Lost Ark og The Godfather svo eitthvað sé nefnt úr efri lögnum.

Spenser: Confidential, með Mark Whalberg, og nasistahrollurinn Overlord eru síðan ágætis kostur fyrir þá sem finnst gott að slappa af yfir rusli í snyrtilegum umbúðum. Spenser er til dæmis átakanlega léleg glæpamynd en samt er eiginlega ekki annað hægt en að liða bara varnarlaust í gegnum hana.

Íslenskar myndir eru á hlaðborði VOD-leiganna og um að gera að láta nú verða af því að kíkja á til dæmis Gullregn og Bergmál.

toti@frettabladid.is



Sigrún Edda hefur enn traustatak á eyðingarafllinu og kómiska skrimslinu Indiönu sem eittrar út frá sér á meðan hún vökvar gullregnið.

Kærkomið Gullregn

Þegar öllum kvikmyndahúsum er lokað um óakveðinn tíma eru góð ráð dýr en sem betur fer hafa efnisveitur og framleiðendur upp til hópa brugðist skjótt við og dælt út fersku og góðu efni í bland við gamalt sem eins og gengur eldrist misvel eftir því hver er að horfa.

Gullregn leikstjórans Ragnars Bragasonar er ein þeirra bíómynda sem voru „í ljósi stöðunnar í samfélaginu“ gerðar aðgengilegar á VOD-leigum Símans og Vodafone á undan áætlun.

Fréttablaðið mælir óhikað með Gullregni sem fékk fjórar stjórnur í gagnrýni blaðsins í janúar þar sem niðurstaðan var: „Vel heppnuð yfirfærsla Ragnars Bragasonar á eigin leikriti af sviði á tjald er grátbrosleg staðfesting þess að ádeilutónn Gullregns hljómar jafn skýrt tæpum áratug eftir að það sló í gegn í Borgarleikhúsinu.“

Vanir leikarar, vönduð vinna

Sigrún Edda Björnsdóttir fer fyrir góðum hópi leikara í hlutverki „kerfisfræðingsins“ Indiönu en hún endurtekur þarna rulluna sem hún fór með á sviði Borgarleikhússins. Rétt eins og Hallgrímur Ólafsson, Halldóra Geirharðsdóttir og fleiri en pólska leikkonan Karolina Gruszka bætist ný í leikhópinn og setur eftirminnilegt mark á myndina.

Halldóra „sýnir magnaðan raðsenubjófnad með kostulegum tilþrifum“, eins og það var orðað í dómi Fréttablaðsins. „Hún stígur stíðan listdans milli hins kómiska og tragíska framan af en setur undir lokin í fimmta gringírinn þegar Jóhanna verður ofboðslega afhjúpanði hreyfiafl í sorgarsögunni.“

Halldóra er ekki einu sinni eini senubjófurinn þannig að það er vel óhætt að mæla með að fólk horfi á Gullregnið frekar en núturlegt fjúk-ið fyrir utan gluggann. „Halldóra er þó ekki einu sinni einu undir gullregninu þar sem pólska leikkonan Karolina Gruszka glansar í öllum sínum atriðum í hlutverki löndu sinnar, Daniellu.“ – þþ

Geðbætandi tónaflóð

The Sound of Music, söngvamyndin sigilda og dáða, kom út fyrir næstum rennisléttum 55 árum en hún var frumsýnd í Bandaríkjunum 1. apríl árið 1965.

The Sound of Music náði gífurlegum vinsældum en myndin vann meðal annars til fimm Óskarsverðlauna og náði tónlistin úr henni toppi Billboard 200-listans.

Kvikmyndin skartaði Julie Andrews og gerði hana að stórstjörnu í aðalhlutverki söngelsku nunnunnar Mariu og vegur Christophers Plummer, sem lék Von Trapp ofursta, óx einnig með vinsældum myndarinnar. Fjöldi stórstjarna var áður orðaður við aðalhlutverkin tvö. Meðal annarra þau Audrey Hepburn, Anne Bancroft, Bing Crosby og Sean Connery.

Myndin byggir á ævi raunverulegs sjóliðsforingja, Georgs Ritter Von Trapp, og fjölskyldu hans. Árið 1949



Julie Andrews kom, söng og sigraði heiminn fyrir rúmlega hálfri öld.

gaf seinni kona hans, Maria Kutschera, út bók um líf fjölskyldunnar sem bjó þá í Vermont í Bandaríkjunum eftir að hafa flúið frá Evrópu, þar sem myndinni lýkur einnig.

Tvær kvikmyndir eftir bók Mariu höfðu áður komið út í Þýskalandi; Die Trapp-Familie (1956) og framhaldsmýndin Die Trapp-Familie in Amerika (1958) en þar sem þýskar myndir voru ekki sýndar í Bandaríkjunum stökk Hollywood á tónaflóðið.

Þrátt fyrir drungalegan tón og dimman skuggann sem nasistarnir vörpuðu á líf Von Trapp-fjölskyldunnar er The Sound of Music algjör gleðisprengr og sigild áminning um að lífsgleðin og hamingjan leynast í litlu hlutum.

Það er því tilvalið að skella myndinni í tækið, tölvuna eða símann á orlgaríkum tímum sem þessum. – ekb

weber

Heitustu grillin!



Summit® kolagrill 61cm

Verð: 338.600 kr.

Tilboð: 275.000 kr.

weber.is

Það besta frá þríeykinu

Það er alltaf gott að gleyma sér í góðum krimma. Þar er öflugt þríeyki: Arnaldur Indriðason, Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson. Það er sannarlega úr nógu að velja þegar bækur þeirra eiga í hlut. Fréttablaðið vill þó auðveldla lesendum valið og hefur valið bestu bók hvers þeirra.

Grafarþögn

Það er vandi að velja bestu bók Arnaldar Indriðasonar, en hann hefur hvað eftir annað sýnt og sannað að hann ber höfuð og herðar yfir aðra íslenska glæpasagnahöfunda. Velgengi hans hérlendis og erlendis er sannarlega engin tilviljun. Grafarþögn er alveg örugglega í hópi bestu bóka hans, ef ekki hreinlega sú besta. Hún kom út árið 2001, er fjórða bók höfundar og hlaut norrænu glæpasagnaverðlaunin Glerlykilinn og sömuleiðis afar virt bresk verðlaun, Gullrýtinginn. Erlendur, Sigurður Óli og Elinborg rannsaka sakamálið og opinbera um leið gamla harmsögu. Einkar vel skrifuð, afar áhrifamikil og spennandi bók með eftirminnilegum persónum. Saga sem getur ekki annað en snert lesendur.



Ég man þig

Yrsa Sigurðardóttir hefur lag á að koma lesendum sínum á óvart og skelfa þá um leið. Bók hennar Ég man þig er mjög líklega besta íslenska hrollvekjusagan og alveg örugglega besta bók Yrsu. Ungt fólk gerir upp hús á Hesteyri og fer að gruna að þau séu ekki ein. Svo hrollvekjandi saga að best er að lesa hana í björtu. Þeir sem sækja í hrylling lesa hana þó þegar myrkrið sækir á og njóta þess að verða skelfingu lostnir. Svona á að hræða lesendur!



Mistur

Mistur er langbesta bók Ragnars Jónassonar. Hún kom út árið 2017 og bóksalar völdu hana sem eina af þremur bestu skáldsögum ársins. Hún gerist á afskekktum stað á Austurlandi. Stórhrið geisar. Ókunnur maður bankar upp á hjá hjónum sem búa á einangruðum bóndabæ. Símasamband rofnar og rafmagnið fer af. Lögreglukonan Hulda kemur þarna við sögu og hefur upplifað fjölskylduharmleik en þarf um leið að leysa sérlega flókið og erfitt mál. Höfundur tekst gríðarvel að skapa andrúmsloft einangrunar, ógnar og ótta. Lesendum er ekki rótt við lesturinn. Þannig á það einmitt að vera í góðum spennubókum.



Staður manns í tilverunni

Arndís Þórarinsdóttir sendir frá sér fyrstu ljóðabók sína sem hefur titilinn Innræti. Yrkisefnið er hversdagsleikinn. Er að skrifa barnabók um Möðruvallabók.

Kolbrún

Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Innræti er titill fyrstu ljóðabókar Arndísar Þórarinsdóttur en hún fékk 2016 og 2019 viðurkenningu í samkeppninni um Ljóðstaf Jóns úr Vör.

„Ég þekki það úr barnæsku að heillast af bundnum skáldskap, tungutaki og hrynjandi. Á tímabili sótti ég í Tómas Guðmundsson, Davíð Stefánsson og félagi en ég var ekki einn af unglungunum sem alltaf voru að yrkja ljóð. Ég byrjaði ekki að fást við ljóðagerð fyrr en á fertugsaldri. Þá fór ég í nám í ritlist í Háskóla Íslands og æfði mig þar í alls konar textagerð sem ég hafði ekki prófað áður. Svo sat ég þar námskeið sem öllum ritlistarnemum verður tíðrætt um, hjá Sigurði Pálssyni 2016 og 2017. Þar kenndi hann okkur fyrst og fremst að lesa ljóð. Það að lesa ljóð á virkan hátt kveikti á ljódatauginni,“ segir Arndís.

Léttleiki í ljóðunum

Langflest ljóðin eru ort á síðasta ári. „Yrkisefnið er hversdagsleikinn; móðurhlutverkið, ferðalög, staður manns í tilverunni og plássið sem maður tekur. Ég tók líka eftir því þegar ég las safnið yfir að oft er ég að velta fyrir mér framtíð eftir að ljóðmælandi er ekki lengur á meðal okkar, sem er kannski dálítið nóturlegt, en tengist samt þessum vangaveltum um hlutverkið. Á einhverjum tímavarki lýkur hlutverkinu. Ég vildi samt að það yrði ákveðinn léttleiki í ljóðunum óháð umfangunarefninu. Það er svo margt skrátið í heiminum sem er gaman að skoða betur. Tónninn leitast við að vera ísmeygilegur eða jafnvel íronískur, en vonandi án þess að glata einlægni.“

Arndís segir að hún haldi að ljóðin séu aðgengileg. „Tungutakið er blátt áfram og ég vona að fólk sem er ekki vant að lesa ljóð geti fundið í þeim dyr inn í þessa álmu skáldskaparins.“



Það að lesa ljóð á virkan hátt kveikti á ljódatauginni, segir Arndís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Efnileg

Allar mínar góðu horfur sigldu utan með haustskipum

Ég sit við gluggann og læt mig dreyma um allt sem gæti orðið

Seinna

Ég er festarmær framtíðarinnar líkt og Ingibjörg bundin Jóni

TÓNINN LEITAST VIÐ AÐ VERA ÍSMEYGI-LEGUR EÐA JAFNVEL ÍRONÍSKUR, EN VONANDI ÁN ÞESS AÐ GLATA EINLÆGNI.

Bók er sögumaður

